

SKÓLAVARÐAN

6. tbl. 9. árg. október 2009

Málgagn Kennarasambands Íslands



HVERSKONAR MÁTTUR ER MENNTUN?

Leikskólinn í Stykkishólmi

Heilsustefna Snælandsskóla

Trúarbragðafræðsla

Nýtt orlofshús

Viltu óskipta athygli?

**Fullkomin
tækni fyrir
fundi,
kynningar
og mennta-
stofnanir**

Flókið gert einfalt

SMART[™]



Varmás

varmas.is



**SMART
hugbúnaður
nú á íslensku**

HLUSTUM Á BÖRNIN!

Að virða og hlúa að börnum er ekki einungis aðgöngumiði að góðu samfélagi heldur forsenda góðrar heilsu þeirra á fullorðinsárunum.

Hjálparsími Rauða krossins 1717

umhuga.is

1717

Rauði kross Íslands

Formaður og varaformaður KÍ og formenn aðildarfélaganna KÍ skiptast á um að skrifa formannspistla í Skólavörðunna. Félögin á bak við formannspistlana eru: Félag framhaldsskólakennara (FF), Félag grunnskólakennara (FG), Félag leikskólakennara (FL), Félag stjórnenda í framhaldsskólum (FS), Félag tónlistarskólakennara (FT), Skólastjórafélag Íslands (SÍ).



Björg Bjarnadóttir
formaður Félags leikskólakennara

Barnvænt samfélag?

Hvað er barnvænt samfélag, getum við státað okkur af slíku samfélagi og ef ekki, hvað þarf til? Ein af áherslum Félags leikskólakennara um þessar mundir er að skapa umræðu um barnvænt samfélag og hefur skólamálanefnd félagsins haft umsjón með verkefninu. Einhver gæti ályktað svo að hvatinn verkefninu hafi verið óttinn við að efnahagsástandið skapaði börnum verri aðstæður en ella, en svo er ekki. Þvert á móti var þetta sett á dagskrá fyrir „Guð blessi Ísland“ daginn vegna þess að mörgum ofbauð hvaða áhrif 2007 hugsunarhátturinn hafði á daglegt líf og aðstæður barna.

Auknar kröfur um alls kyns (ó)þarfa fóru ekki fram hjá neinum; kröfur um merkjaföt, ógrynni af leikföngum, alls kyns græjur og útbúnað, flottari bíla, stærri hús, utanlandsferðir og svo mætti áfram telja. Auknar kröfur hafa í för með sér kostnað, bæði peningaútlát og jafnvel alvarlegri fórnir. Þær kalla á auknar tekjur, meiri vinnu foreldra og (þar af leiðandi) lengri viðveru barna í skóla eða annars staðar utan heimilis. Þetta hefur síðan ýmsar afleiðingar, svo sem minni samvistir fjölskyldunnar, sígilt samviskubit gerir vart við sig og rekstraraðilar skóla/stjórnálamenn keppast um hylli kjósenda með því að leitast við koma til móts við kröfurnar.

Þessi umræða er viðkvæm, varast verður alhæfingar og einnig þarf að gæta þess að stilla engum upp við vegg þannig að hugsunin um sökudólg verði númer eitt. Einhvern veginn þróuðust hlutirnir svona og flestir flutu hugsunarlaust með straumnum þar sem græðgi og samkeppni réðu ríkjum. Þetta er umræða sem þarf að fara fram á jafningjagrunðvelli og í einlægni milli allra sem í hlut eiga, meðal annara foreldra og fagmanna. Hún má ekki snúast einvörðungu um hagsmuni foreldra, skóla, atvinnulífs eða stjórnálamanna. Hún þarf fyrst og fremst að snúast um börnin sjálf, þeirra þarfir og þroska. Það þarf að finna þær mælistikur sem við viljum nota og aðlaga síðan hugsunarhátt, hegðun og menningu samfélagsins að því sem talið er að skapi ungum börnum og fjölskyldum þeirra ákjósanlegar aðstæður. Benda má á atriði eins og veikindadaga vegna barna, sveigjanleika í atvinnulífi, sveigjanleika í skólakerfi, skólagjöld, verð á ýmsum nauðsynjavörum (til dæmis barnafötum), verðlagningu á tómstundum, stefnumörkun yfirvalda, mismunandi stöðu

Það þarf að finna þær mælistikur sem við viljum nota og aðlaga síðan hugsunarhátt, hegðun og menningu samfélagsins að því sem talið er að skapi ungum börnum og fjölskyldum þeirra ákjósanlegar aðstæður.

barna eftir búsetu og fjárhag foreldra og fleira.

Það er svo margt ... og kreppan sem kemur í kjölfar brenglaðs verðmætamats breytir því ekki ein og sér. Þó að vissulega megi vona að gildi breytist að einhverju marki þá margt fleira að koma til til þess að hægt verði að fullyrða að samfélagið sé barnvænt. Við þurfum að vera á varðbergi, ekki síst þegar samfélagið siglir í gegnum ólgusjó eins og nú og krafan um niðurskurð er alls staðar fyrir hendi, jafnt í skóla- og heilbrigðiskerfinu sem annars staðar. Gleymum því heldur ekki að hér á landi er margt jákvætt sem ber að viðhalda og þróa áfram.

Eitt af hlutverkum Félags leikskólakennara samkvæmt lögum er að „stuðla að alhliða framförum í uppeldis- og menntamálum“. Kennarar og skólastjórar í leikskólum líta á sig sem málsvara barna, finna til ábyrgðar og vilja sýna frumkvæði með því að vekja athygli á málefnum barna í samstarfi við aðra hagsmunaaðila. Þetta hefur verið gert í gegnum árin með mismunandi hætti, til dæmis með málþinga og ráðstefnuhaldi. Einn liður í þessu átaki núna er einmitt málþing sem félagið stendur fyrir í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Heimili og skóla í nóvember nk. Málþingið er opið og hvet ég alla sem áhuga og tækifæri hafa til að leggja málefnið lið með því að mæta og hafa áhrif á umræðuna.

Björg Bjarnadóttir



Ljósmynd: Kristján Valdimarsson

Kristín Elfa Guðnadóttir

Félagsleg aðild þurfalinga

Í fyrrasumar kom út bókin *Menntaspor* til heiðurs sannkölluðum heiðursmanni, *Lofti Guttormssyni*. Þar er fjöld greina eftir fræðimenn um málefni sem Lofti stendur ekki á sama um, menntamál eru þar fremst í flokki. Einn höfunda er maður sem hefur markað spor í íslenska skólapróun svo að um munar, *Wolfgang Edelstein*, en ráðstefna honum til heiðurs var haldin í ágúst sl. Wolfgang skrifar í *Menntaspor* greinina *Hvað geta skólar gert til að efla lýðræði? Hæfni og færni í draumalandi*. Greinin er skrifuð f. Kre. (fyrir Kreppu, til aðgreiningar frá f. Kr.) en inniheldur mörg gullkorn sem eru góð til sjálfs-hnippinga svo að maður skriki ekki um of á því hála svelli, lýðræðinu. Þar segir Wolfgang meðal annars (með vísun í Dewey, Birzóa o.fl.):

„Lýðræðisnám ræðst af þrennskonar aðgerðum:

- Að *læra* lýðræði. Við lærum lýðræði – við leggjum stund á lýðræðisnám – til þess að geta tekið þátt í samfélagslegum störfum og stjórnmálum af kunnáttu og yfirsýn.
- Að *móta* lýðræði. Við tökum þátt í að þróa lýðræðisreglur og lýðræðisleg lífsform og eflum þannig reynslu okkar og getu til þess að hafa áhrif á þróun lýðræðislegra samskipta og samfélagsháttá.
- Að *lifa* lýðræði. Við temjum okkur lýðræðislega siði og venjur til þess að hljóta viðurkenningu annarra í lýðræðislegum samskiptum.“

Ég ætla að halda áfram að vitna í Wolfgang hér er hann að spá í menntun og framtíðina: „Komandi kynslóðir, jafnvel sú kynslóð

sem nú er að vaxa úr grasi, munu upplifa róttækar breytingar á því félags- og hagkerfi sem hún hefur alist upp við ... Skólar verða að leita nýs jafnvægis milli markmiða einstaklinganna og þess sem kerfið hefur að bjóða. Samfélagið mun byggja á því miklu meira en fyrr að samfélagsþegnarnir sjálfir vilji og geti sinnt samfélagslegum verkefnum. Til þess verða einstaklingarnir að vera virkir og ábyrgir – og kunna skil á vitmunalegum forsendum þess að vera virkur og ábyrgur! ... Hin almenna einstaklingshyggja mun neyða menn til að gefa meiri gætur að því en fyrr hvernig hægt sé að stuðla að aukinni félagslegri aðild þjóðfélagsþegnanna. Án mótvægis myndi einstaklingshyggjan leiða til siðrofs.“

Wolfgang heldur áfram og talar um hvernig samkeppnin leiði til stækkandi lágstéttar þar sem fólk er í senn efnahags- og menningarlega fátækt og fer að „beita valdi gegn öðrum til að bæta upp niðurlægninguna sem þeir verða fyrir. **Vilji menn leitast við að jafna metin og auka möguleikana til félagslegrar aðildar fyrir þá sem verða undir í þessari baráttu verða þeir að rækta hæfileikann til að sætta deiluaðila og veita þeim, sem útundan verða, aðgang að samfélagslegum verkum og gerðum** (feitiletrun *keg*).“

Í tengslum við Alþjóðadag kennara 5. október hefur verið vakin athygli á því víða um heim að *kennarar eru umbótafl.* Þeir eru hverju samfélagi nauðsyn í að komast upp úr kreppunni. Þeir hafa reynslu, þekkingu og siðvit til að benda á og vinna að lausnum. Lærdómur um lýðræði sem upplýstur er af skrifum Wolfgangs Edelsteins er ekki slæmur staður til að hittast og hefja endurreisnina.

Kristín Elfa Guðnadóttir

EFNISYFIRLIT

Formannspistill: Barnvænt samfélag?	3	Málþing menntavísindasviðs: Föruneysi barnsins	14
Leiðari: Félagsleg aðild þurfalinga	4	Náttúrufræði: Sunflower kennsluforritin í Álfstanesskóla	15
Gestaskrif: Hverskonar máttur er menntun?	5	Námshögn: Nýir vefir hjá Námsgagnastofnun	18
Fréttir: Félag enskukennara, ADHD fræðsla í skólum o.fl.	6	Skólinn: Leikskólinn í Stykkishólmi	20
Kjaramál: Undirbúningstími í leikskóla	7	Ráðstefna: PISA ráðstefna um árangur í raungreinum	22
Teiknimyndasagan: Skóladagar	7	Fréttir: Nýtt orlofshús KÍ í Ásabyggð o.fl.	24
Fréttir: Skólastefna, málþing um barnvænt samfélag o.fl.	8	Kennarasamstarf: Stuttmyndagerð á norrænni vinnustofu eTwinning	25
Íslenska: Ungur Pólverji og bóndinn í Austurbæjarskóla	10	Fréttir: Námsstefna SÍ, nýr vefur FLÍSS, ársþing SÁUS	26
Heilsuefning: Heilsustefnan í Snælandsskóla, Vinnuverndarvikan	11	Fagfélagið: Trúarbragðafraeðsla, nýir tímar - breyttar áherslur	28
Erlent samstarf: Alþjóðadagur kennara	12	Smiðshögggið: FEKÍ fertugt	29
Íslenska: Íslenskuspilið fær European Language Label 2009	12		

Ritstjóri: Kristín Elfa Guðnadóttir kristin@ki.is
Ábyrgðarmaður: Eiríkur Jónsson eirikur@ki.is
Umsjónarmaður félagaatals: Sigríður Sveinsdóttir sigridur@ki.is / sími 595 1115
Hönnun: Zetor ehf.
Ljósmyndir: Jón Svavarsson, nema annars sé getið

Forsíðumynd: Börnin á Engjaborg fögnuðu snjónum sem kom þennan morgun.

Auglýsingar: Stella Kristinsdóttir stella@ki.is / sími 595 1142 eða 867-8959

Prentun: Ísafold

Skólavarðan, s. 595 1104 (Kristín) Laufásvegi 81, 101 Reykjavík



KENNARASAMBAND
ÍSLANDS

Hverskonar máttur er menntun?

Ég sá heimildamynd um börn í þremur heimsálfum á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík á dögunum. Lítil stúlka í Perú gengur um götur á næturnar og selur tóbak og sælgæti í kassa sem hún ber framan á sér. Menn henda í hana klínki eftir að hafa prúttað niður tóbakið og skeyta engu um örlög hennar og afdrif. Þegar stúlkan kemur heim til sín lemur móðir hennar hana fyrir peningaleysið og skipar henni að útbúa morgunverð fyrir bræður sína svo að þeir geti farið í skólann. Þá taka við þvottar áður en hún býr til hádegismat fyrir bræðurna sem koma svangir úr skólanum. Áður en skyggja tekur er hún aftur komin út á götur Lima með kassann. Allir dagar eru eins.

Í stríðshrjáðu Afríkúríki er ungur drengur á útimarkaði að leita að smámynt sem hefur fallið úr vösum og af borðum farandsala. Honum var varpað á dyr af föður sínum eftir að móðir hans dó. Faðir hans og bræður kenndu honum um dauða móðurinnar, að hann hefði beitt hana göldrum og hann er einn og útskúfaður í veröldinni. Sagan af göldrum drengsins hefur borist víða og hvarvetna kemur hann að luktum dyrum. Hann grætur ekki þegar hann lýsir einmanaleik sínum og örlögum en hann stamar og orðin eru við það að kafna í grönnum hálsinum. Augun lýsa skelfingunni.

Annars staðar í Afríku missir átta ára stúlka meydóminn þegar Bandaríkjamadur vill fá drátt. Hún á engan að nema úturskakkan dólgin sem gerir út á hana í hverfinu ásamt tveimur öðrum stúlkum. Saman sitja þau og reykja hass af því að það er ekkert annað að gera á daginn. Stúlkan lýsir því þegar hún var nokkru áður handtekin af lögreglu, sveiflað aftur í bifreið þeirra og nauðgað og barin af fjórum lögreglumönnum á meðan aðrir þrír niddust á vinkonu hennar.

Í Indónesíu er fjöldi barna að róta í risastórum ruslahaugi eftir einhverju nýtilegu. Unglingsstúlka þarf að sjá fyrir þremur yngri systkinum sínum og gerir það með því að verja degi og nótt á hauginum. Kappið er stundum mikið þegar grófnar mæta með nýjasta ruslið og sumir deyja í atganginum.

Gerir menntunin okkur að betra fólki? Ef svo er, hvernig í ósköpunum getum við þá horft fram hjá neyð milljóna barna í þessum heimi? Ekki í einhverjum öðrum heimi heldur þessum sama heimi og við sjálf lífum í. Ef mennt er máttur, hverskonar máttur er það þá? Er hugmyndin sú að menntun einstaklingsins eigi fyrst og síðast að koma honum sjálfum að gagni? Hve menntaður er



Sigursteinn Másson

Ljósmynd frá höfund

Hve menntaður er sá sem skeytir engu um afdrif náungans eða heimsins?

sá sem skeytir engu um afdrif náungans eða heimsins?

Menntun er því aðeins raunverulegur máttur að hún skapi gagnrýna hugsun og þjálfí þjóðfélagsrýni og náttúruskilning en fyrst og fremst samfélagslega ábyrgð. Heildrænn skilningur er forsenda fyrir farsælli framtíð.

Menntun þarf að skapa ábyrgðartilfinningu, ekki aðeins gagnvart manni sjálfum og næsta umhverfi, heldur öllu sem er. Við erum spendýr og því erum við náttúra. Tvíhyggja liðinna alda er að mínu mati mis-skilningur byggður á trúarbrögðum því allt er í grunninn náttúra. Stærstu mistökinn voru að staðsetja manninn ofar náttúrunni. Líkami og sál er eitt, maður og náttúra sömuleiðis. Virðing fyrir náttúru er virðing fyrir mannfólki og öllu sem er. Ekki aðeins öllu sem dregur andann heldur öllu sem er. Nám með slíkum áherslum svarar sannleiksporsta hins leitandi hugar og kallar á

ábyrgð okkar á að bæta heiminn í stóru og smáu sem hugsandi, menntaðar verur.

Ég lít á mannskepnuna sem gríðarlega áhugaverða alheimstilraun. Tilraun eða próf um það hvort skynsamlegt sé að leyfa vitsmunalífi að þróast á svona plánetu í sólkerfi. Hingað til höfum við ekki staðið okkur mjög vel. Þekkingin og menntunin ásamt vísindunum hafa hins vegar kennt okkur upp á síðkastið að án breyttra lífshátta og fullrar virðingar fyrir náttúrunni og þar með okkur sjálfum, stofnar mannskepnar jarðlífi eins og við þekkjum það í mikla tvísýnu á næstu áratugum vegna loftslagsmengunar, náttúruspjalla, misréttis og ófriðar. Munu menntakerfi heimsins svara kallinu og standast prófið? Mun hið íslenska menntakerfi gera það? Hvað með mig og þig?

Sigursteinn Másson
Höfundur er formaður Geðhjálpar.

Fræðsla um ADHD fyrir grunnskóla Veturinn 2009 - 2010

Ætluð fyrir allt starfsfólk grunnskóla og frí-
stundaheimila í Reykjavík og á landsbyggð-
inni ef samgöngur henta.

Fyrirlesari: Gylfi Jón Gylfason sálfræðingur

Innihald fræðslunnar:

- Hvað er ADHD?
- Líðan barna með ADHD
- Hagnýt ráð í umgengni við börn með ADHD

Dagskrá í tvo tíma með kaffihléi og tíma fyrir
fyrirspurnir. Gæti hentað á starfsdögum eða
sem sérstök fræðsla fyrir alla.

Fræðslupakkinn kostar kr. 50.000 fyrir
hvern skóla. Verkefnið er á vegum ADHD
samtakanna.

Hafið samband við formann samtakanna
Ingibjörgu Karlsdóttur ingibjorg@adhd.is.

ADHD samtökin, Háaleitisbraut 13,
s. 581 1110, www.adhd.is

FEKÍ fréttir

FEKÍ, Félag enskukennara á Íslandi, og
ESU (The English Speaking Union) auglýsa
eftir þátttöku framhaldsskólanema í **ræðu-
keppni** á ensku. Æskilegt er að hefja keppni
í hverjum skóla fyrir jóla og að sigurvegarar
komi saman í Reykjavík eftir jóla og etji kappi
sín á milli. Að vori er síðan haldin í Englandi
keppni sigurvegara víðsvegar úr heiminum á
vegum ESU. Regluverkið í kringum keppnina
er töluvert en nákvæmar upplýsingar má fá
hjá Jóni Hannessyni jha@mh.is Hugsanlega
verður hægt að fá þjálfara í ræðumennsku til
landsins ef áhugi er nægur.

FEKÍ efir til **ritunarsamkeppni** meðal grunn-
skólanemenda. Efnið þarf að tengjast Ind-
landi eða Kanada í formi ljóðs, ritgerðar
eða smásögu. Skilafrestur er til 20. janúar,
2010. Sendið í lokuðu umslagi með leyni-
nafni á verkinu (upplýsingar um eiganda
fylgi í minna umslagi) til Jóns Hannesson-
ar, Menntaskólanum við Hamrahlíð. Þessi
keppni er góðfúslega styrkt af sendiráðum
Indlands og Kanada.

FEKÍ hvetur félagsmenn sína og aðra tungu-
málakennara til þátttöku í „44th annual inter-
national IATEFL CONFERENCE and EXHI-
BITION“ í Harrogate 7.-11. apríl 2010. Sjá
nánar á www.iatefl.org.

Félag kennara í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræðum

Í tilefni af tíu ára afmæli FÉKKST boðar
stjórn félagsins til ráðstefnunnar

Trúarbragðafræðsla í skólum - hvert stefnum við?

Ráðstefnan fer fram í húsnæði menntavísindasviðs
Háskóla Íslands við Stakkahlíð, Hamri - stofu 207,
laugardaginn 7. nóvember 2009
kl. 11:00 - 16:15.

Menntamálaráðherra Katrín Jakobsdóttir flytur ávarp.

Aðalfyrirlesarar eru

Dr. Robert Jackson prófessor við háskólann í Warwick
og Dr. Sigurður Pálsson guðfræðingur og doktor í menntunarfræðum.

Pallborðsumræður.

Ráðstefnustjóri er Gunnar J. Gunnarsson, lektor.

Veitingar í boði félagsins.

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna má finna á www.kennslaogtru.is.

Tilkynna þarf þátttöku fyrir 1. nóvember 2009

á netfangið fekkst@kennslaogtru.is eða í síma 411-7640 (Norðlingaskóli).



eTwinning-vikur frá 1. til 31. október!

eTwinning, menntaáætlun ESB um rafrænt
skólasamstarf, er nú komin í fullan gang
við upphaf nýs skólaárs. eTwinning er ein-
föld, óformleg en gagnleg leið til að virkja
nemendur, auka vægi upplýsingatækni og
styrkja alþjóðatengsl kennara og skóla.

**eTwinning-vikur standa nú yfir fram til
31. október og ýmislegt er gert til hátíða-
brigða:**

Nýr iPod Shuffle 2G fyrir fjóra kennara

Þeir kennarar sem skrá sig á tímabilinu fara
í lukkupott. Nöfn fjögurra kennara verða
dregin út og fá þeir iPod Shuffle í vinning.
Þeir sem skráðu sig í upphafi skólaársins
verða einnig með.

Utanlandsferð fyrir tvo kennara

Þeir kennarar sem stofna eða skrá sig í verk-
efni á tímabilinu fara í lukkupott. Nöfn tveggja
kennara verða dregin út og fá þeir í vinning
helgarferð á árlega stórhátíð eTwinning sem
haldin verður í Sevilla á Spáni í febrúar. (Þeir

sem skráðu sig í verkefni í upphafi skóla-
ársins verða einnig með.)

Verðlaun fyrir bestu eTwinning verkefni síð- asta skólaárs

Í október verða veitt verðlaun í landskeppni
eTwinning fyrir skólaárið 2008-2009. Veitt
verða vegleg verðlaun í flokki leikskóla,
grunnskóla og framhaldsskóla. Verðlaunin
eru ekki af verri endanum: **fullkomin,
stafræn myndbandsupptökuvél** sem verður
eign þeirra skóla sem vinna. Að ári verða
veitt verðlaun fyrir verkefni yfirstandandi
skólaárs.

Margt í boði á evrópska vefnum!

Út mánuðinn stendur kennurum margt til
boða á evrópska vefnum. Nánari upplýsingar
á evrópsku síðunni: etwinning.net

Nánari upplýsingar um eTwinning og eTwin-
ning-vikurnar á heimasíðu landskrifstofunnar:
etwinning.is

Undirbúningstími í leikskóla

Í þessum pistli leitast ég við að fjalla um það sem mest er spurt um hér hjá KÍ, bæði símleiðis og í tölvupósti, og er óhætt að segja að þar á meðal sé undirbúningstími leikskólakennara. Spurningarnar snúast oftast um hvíðu gera skal ef ekki gefst tækifæri til að komast í fyrirfram ákveðinn undirbúningstíma og hver beri ábyrgð á að það sé hægt.

Undirbúningstími er kjarasamningsbundinn réttur leikskólakennara. Í kjarasamningi segir: „Lágmarks undirbúningstími leikskólakennara í leikskólum er 4 klst. á viku miðað við fullt starf en deildarstjóra 5 klst. Undirbúningstími notist m.a. til starfsáætlanagerðar, viðtalstíma fyrir foreldra og annars foreldrasamstarfs, atferlisathugana og kynnisferða. Leikskólalastjóri skipuleggur fyrirkomulag undirbúningstíma.“ Leikskólakennari í hlutastarfi fær hlutfall af þessum undirbúningstíma m.v. sitt starfshlutfall. Þetta er lágmarks undirbúningstími og er einstaklingsbundinn réttur og leikskólalastjóri ber að skipuleggja leikskólalastarfið á þann hátt að leikskólakennarar fái hann. Leyfi aðstæður ekki að leikskólakennari sinni þessum skyldum sínum á faglegan og skipulegan hátt á dagvinnutíma verður leikskólalastjóri að leysa málið með öðrum hætti. Dæmi eru um að samið sé við leikskólakennara um að sinna þessum hluta vinnuskyldunnar utan dagvinnutíma og þá greidd yfirvinna. Ábyrgðin er á hendi leikskólalastjóra og rekstraraðila en ekki viðkomandi leikskólakennara. Þetta þýðir að ef yfirmaður óskar eftir því að leikskólakennari taki að sér forföll í undirbúningstíma fellur tíminn ekki niður heldur þarf að gera ráðstafanir til þess að bæta hann upp.

Aðstoðarleikskólakennarar og leiðbeinendur B hafa 2 klst. á viku í undirbúningstíma nema þeir starfi sem deildarstjórnar,

Ábyrgðin er á hendi leikskólalastjóra og rekstraraðila en ekki viðkomandi leikskólakennara. Þetta þýðir að ef yfirmaður óskar eftir því að leikskólakennari taki að sér forföll í undirbúningstíma fellur tíminn ekki niður heldur þarf að gera ráðstafanir til þess að bæta hann upp.

þá skal undirbúningstími vera sá sami og hjá deildarstjóra sem hefur leikskólakennaramenntun. Aðstoðarleikskólalastjórnar sem jafnframt eru deildarstjórnar fá undirbúningstíma í hlutfalli við starfshlutfall á deild. Ef gert er samkomulag í upphafi skólaárs um fyrirkomulag vinnutíma, t.a.m. að undirbúningsdagur sé alltaf á ákveðnum vikudegi, raskast/fellur niður sá hluti tímans sem kemur á frídaga, skipulagsdaga og orlofsdaga. Öll önnur frávík eru háð samkomulagi við yfirmann. Undirbúningstími sem lendir á veikindadögum leikskólakennara fellur niður eins og hver önnur vinna í veikindum. Kaffitímar geta lent á undirbúningstíma og standa ekki utan hans eins og oft er haldið fram. Þess má einnig geta að undirbúningstími er ekki ætlaður til deilda- og/eða fagfunda.

Í bókun 1 með kjarasamningi kemur fram að við ákvörðun vinnutímaskipulags skal þess

gætt að leikskólakennari, til viðbótar beinni vinnu með nemendum, hafi nægan tíma til að sinna öðrum þáttum starfsins, s.s. gerð og útfærslu skólanámskrár og starfsáætlunar, náms- og stöðumati, skráningu upplýsinga, ýmsum umsjónarstörfum, samstarfi við fagaðila utan og innan skólans, aðlögunar- og samstarfi við foreldra, upplýsingagjöf á heimasíðu og samvinnu og stuðningi við aðra starfsmenn, s.s. vegna nýliðabjálfunar og verkstjórnar. Stjórnendur þurfa því að meta hvort þörf sé á tíma umfram lágmarks undirbúningstíma skv. gr. 2.7.1.

Ef þið hafið einhverjar spurningar um þetta eða annað er ykkur velkomið að hringja til mín í síma 595 1111 eða senda mér tölvupóst á netfangið ingibjorg@ki.is

Ingibjörg Úlfarsdóttir launafulltrúi KÍ



Ljósmynd: Steinunn Jónasdóttir



Skólastefna FL – skemmtileg nálgun á kynningu

Í upphafi þessa árs sendi skólamálanefnd FL bréf til trúnaðarmanna félagsins þar sem sagt var frá átaki til að kynna skólamála-stefnu þess. Félagsmenn voru þar hvattir til að hafa áhrif á mótun og framkvæmd stefnunnar með tilteknum hætti: „Í því skyni hyggjumst við senda kafla úr stefnunni annan hvern mánuð til þín í von um að þú takir þátt í þessari viðleitni með okkur. Eins og sjá má við lestur stefnunnar eru þar mörg atriði sem þarfnast umræðna og sýnist þar eflaust sitt hverjum. Mikilvægt er að félagsmenn þekki skólastefnu félagsins og geti einnig haft áhrif á bæði mótun og framkvæmd hennar. Við hvetjum til að kaflarnir verði hengdir upp á kaffistofu starfsmanna, ræddir á starfsmannafundum eða kynntir með öðrum hætti. Þá langar okkur að fá skoðanir og álit félagsmanna á hverjum kafla fyrir sig.“

Nú þegar hafa þrír kaflar verið sendir trúnaðarmönnum til kynningar á sínum vinnustöðum. Nokkuð hefur verið um viðbrögð en full ástæða er til að benda á að þetta verkefni er enn í gangi og einnig að vekja athygli á því á öðrum skólastigum, enda verulega skemmtilegt. Hér er þriðja bréfið sem sent var út en því fylgdi (eins og ávallt) hvatning til trúnaðarmanns um að koma umræðunni af stað og leita leiða til að kynna stefnuna á áhugaverðan hátt:

Skólastefna fyrir leikskóla

Ágæti kennari hefurðu kynnt þér kafla 3 í stefnu okkar?

Kafla 3. Kennarinn

Kennari í leikskóla eflir alhliða þroska nemenda í samræmi við eðli og þarfir hvers einstaklings svo og hópsins í heild. Hann laðar fram það besta hjá hverju barni. Gleði og áhugi verður að ríkja svo árangur náist.

- Leikskólakennarar skipuleggja og leiða skólastarfið og miðla öðrum af sérfræðipækkingu sinni bæði innan skólans og til samfélagsins.
- Kennarar skulu nýta á skapandi hátt, þær aðferðir sem bestar þykja hverju sinni við nám og kennslu.
- Við upphaf skólagöngu skal lagður grunnur að góðu foreldrasamstarfi með áherslu á gagnkvæma virðingu og traust.
- Kennarar og foreldrar þróa leiðir til aukinnar þátttöku foreldra í skólastarfinu svo og þátttöku þeirra í innra mati skólans.
- Kennarar þróa leiðir til gagnkvæmrar upplýsingamiðlunar milli skóla og heimila.
- Kennarar miðla upplýsingum á milli skólastiga um námsefni og kennsluhætti til að tryggja sem best samfelli í námi.
- Kennarar skulu hafa Siðareglur kennara að leiðarljósi í starfi sínu.



Hvað er haft að leiðarljósi í þínum skóla?

- Er gleði og áhugi nemenda talinn skipta mestu máli?
- Er nám einstaklingsmiðað? Hvernig?
- Er óskað eftir þátttöku foreldra í skólastarfinu?
- Er samstarf milli skólastiga í góðum farvegi?
- Annað?

Norrænu barnabóka-verðlaunin 2009

Stian Hole „fótósjoppar“ myndir í bækur sínar

Norrænu barnabókaverðlaunin eru heiðurs-verðlaun sem samtök norrænna skólasafna-kennara standa að. Þau hafa verið veitt frá árinu 1985. Verðlaunin eru 15.000 danskar krónur ásamt heiðursskjali og listaverki. Þetta er í sjöunda sinn sem norskur höfundur hlýtur þessi verðlaun.

Bókin *Draugaslóð* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur var framlag Íslands þetta árið.

Íslenskir rithöfundar sem hlotið hafa norrænu barnabókaverðlaunin eru: Guðrún Helgadóttir, Kristín Steinsdóttir, Ragnheiður Gestsdóttir og Brynhildur Þórarinsdóttir.

Höfundurinn Stian Hole er fæddur 1969 og uppalinn í Hokksund í Noregi. Hann er hönnuður, myndskreytir og barnabókahöfundur og er handhafi margra verðlauna, bæði fyrir ritstörf og hönnunarverk.

Bókin *Garmanns gate* er önnur mynda-bókin um söguhetjuna Garmann. *Garmanns gate* fjallar meðal annars um kynni Garmanns og gamla mannsins sem kallaður er *frímerkjamaðurinn* og býr innst í Garmanns-götu.

Stian Hole er einnig höfundur myndanna í bókinni. Hann notar stafræna verkfærið Photoshop og hefur þróað mjög sérstakan eigin stíl við myndsköpunina. Það er frekar líttill texti á hverri síðu en þær eru ríkulega skreyttar með myndum. Textinn í *Garmanns gate* er að mestu línuleg raunsæisleg frásögn. Ekki er þó endilega samhengi milli mynda og texta og gefur það lesendum tækifæri til að beita eigin ímyndunarafl og verða nokkurs konar meðhöfundar.

Aðrar bækur eftir höfundinn eru *Den gamle mannen og hvalen* sem út kom árið 2005 og *Garmanns sommer* frá árinu 2006.

Stian Hole hefur fengið margskonar verðlaun fyrir bókmenntir sínar, má þar nefna:

Barna- og unglingabókaverðlaun norska Menningar- og kirkjumálaráðuneytisins árið 2005 fyrir bókina *Den gamle mannen og hvalen* og árið 2006 fyrir *Garmanns sommer*.

Brageprisen 2006 í flokki barna- og unglingabókmennta fyrir *Garmanns sommer*.

Bolagna Ragazzi Award 2007 fyrir *Garmanns sommer* og verðlaunin *Årets vakreste bildebøker*, gullflokki 2007 fyrir sömu bók.

Þóra Sjöfn Guðmundsdóttir, skólasafns-kennari í Langholtsskóla var fulltrúi Íslands í norrænu dómnefndinni. Aðrir í nefndinni voru: Christina Green, Svipjóð, Susann Ezzell, Finnlandi, Solveig Debess, Færeyjum, Karen Ödegaard Danmörku og Øystein Norvoll frá Noregi sem var formaður nefndarinnar.

Verðlaunin voru afhent á ráðstefnu norrænna skólasafnskennara í Esbo í Finnlandi föstudaginn 18. September sl.

Málþing - Barnvænt samfélag? Takið frá 10. nóvember

Félag leikskólakennara er í samvinnu við Samtök atvinnulífsins og Heimili og skóla að undirbúa opið málþing sem haldið verður þann 10. nóvember nk. kl. 8 – 11 á Grand Hótel. Það er skólamálanefnd FL sem á veg og vanda af skipulagningu málþingsins en yfirskrift þess er *Barnvænt samfélag*. Fjallað verður um stöðu þessara mála í íslensku samfélagi árið 2009 og hvað megi betur fara til að samfélagið geti kallað sig barnvænt og staðið undir nafni. Markmiðið er að skapa tækifæri fyrir fólk til að ræða saman um hvernig barnvænt samfélag líti út frá sjónarhóli barnanna og með þarfir þeirra og langanir í huga. Til þess verða fengnir frummælendur sem geta varpað ljósi á rödd/sýn barnsins en einnig rödd/sýn foreldra, kennara, rekstraraðila og atvinnulífsins. Þessi fimm innlegg verða stutt og hugsuð sem kveikjan að umræðu í hópum. Dagskrá og aðrar upplýsingar verða birtar á vef KÍ og víðar þegar nær dregur.

Í öruggum höndum í bíl frá okkur



Bílarnir okkar eru:

- í hæsta gæðaflokki
- umhverfisvænir
- með öryggisbelti
- með sjónvarpi og DVD
- með fyrsta flokks bílstjórum

Flottir bílar - frábær þjónusta



Hafðu samband:

Iceland Excursions - Allrahanda

Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík

Sími: 540 1313

www.allrahanda.is - ruta@allrahanda.is



***Iceland*excursions**
Allrahanda



Ungur Pólverji og bóndinn í Austurbæjarskóla

Í bóli bjarnar – NÝ BÓK!

Guðjón Ragnar Jónasson kennari í Austurbæjarskóla og Háskóla Íslands hefur áhuga á að hvetja aðra kennara til að skrifa náms-efni og barnabækur. Honum ætti að reynast það létt verk. Guðjón er sjálfur fyrirmynd að þessu leyti, hann gerir það sem hann hefur ástríðu til, fyrst lærði hann til búfræðings og gerðist bóndi, þá kennari, íslenskufræðingur og rithöfundur.

Það er sjaldgæft að við köllum námsbóka-höfunda rithöfunda, kannski vegna þess að okkur finnst ekki mikill skáldskapur í námsbókum. Þetta er firra. Margar góðar námsbækur eru hinn ágætasti skáldskapur. Góðar námsbækur eru eins og góður tölvuleikur, þær eru spennandi og þú færð umbun fyrir að sökkva þér ofan í þær – þær fleyta þér upp á næsta borð og gefa þér sterkari sjálfsmýnd sem fylgir aukinni þekkingu. Guðjón er höfundur á rétttri leið og *Í bóli bjarnar* er bók sem opnar heima sem koma okkur við.

Flott nám

„Ég kenndi sem leiðbeinandi áður en ég fór í kennaranámið,“ segir Guðjón. „Og ég fullyrði að allt tal um að kennslufræði skipti ekki máli er bara bull. Hún skiptir gífurlega miklu máli og það er líka mikilvægt að kennarar skrifi námsbækur. Þeir gerðu það í gamla daga og það þarf að vera þannig. Ef fólk í akademíunni skrifar námsbækur þá verður það að vera í samstarfi við kennara. Það verður að efla kennara í starfi með ráðum og dád. Kennaranám er flott nám sem er stýrt af flottu fólki, ég nefni til dæmis Lilju Jónsdóttur, Þórunni Blöndal og Þórð Helgason sem öll opnuðu mér nýjar víddir. Mér finnst skipta miklu máli að við séum stolt af því sem við erum að læra og gera.“

Austurbæjarskólaleiðin

Í Austurbæjarskóla er um þriðjungur nemenda með annað upprunamál en íslensku og Guðjón segir að námsbækur hans taki mið af „Austurbæjarskólaleiðinni“, sem



Guðjón Ragnar Jónasson

hann kallar svo. „Auk þessarar aðferðar sæki ég hugmyndir í tvær áttir,“ segir Guðjón, „í smíðju skólaþróunardeildar Háskólans á Akureyri og til orðræðu- og samtalsgreiningar. Austurbæjarskóli er fjölmenningslegur skóli og kennsla íslensku sem annars máls skipar veglegan sess í skólalífinu. Þar er meðal annars boðað að við upphaf tungumálanáms skuli lögð áhersla á **markvissa orðaforðakennslu**. Aðferðafræði annars máls fræðanna tók ég upp á síðasta skólaári ásamt nokkrum kennurum á miðstigi Austurbæjarskóla. Þessi aðferð á vel við og okkar skoðun er sú að ekki þurfi bara að efla orðaforða nýrra Íslendinga heldur gildi það um alla nemendur skólans. Fjölmenningslegt sjónarhorn auðgar kennsluhætti skólans og færir okkur nýjan sannleik um okkur sjálf sem vonandi mun efla læsi og lesskilning allra nemenda hans. Að okkar mati er slakur orðaforði ein helsta ástæða þess að lesskilningur og námsárangur íslenskra nemenda hefur versnað á undanförunum árum. Til að tjá hugsun okkar á auðugan og frjóan hátt er mikilvægt að búa yfir góðum orðaforða og fræðin segja okkur að mikil tengsl séu milli orðaforða og lesskilnings.“

Bókin *Í bóli bjarnar* var skrifuð í samvinnu við nemendur Austurbæjarskóla veturinn 2008-2009. „Hún er hefðbundin barnabók með nokkuð ítarlegum orðskýringum,“ segir Guðjón. „Hún segir sögu ungs Pólverja sem flytur til Íslands og við fáum innsýn í vanda-málin sem mæta honum. Markmiðið er að vinna að gagnkvæmri aðlögun en hún felur í sér að innfæddir þurfa líka að laga sig að menningu og þörfum þeirra sem hingað flytja. Krafan má ekki einungis vera sú að nýir Íslendingar lagi sig að þörfum innfæddra, hér á miklu frekar að vera um að ræða nokkurs konar samstarfsverkefni.“

Orð af orði og orðræðu- og samtalsgreining

„Síðasta vetur kynnti ég mér þróunarverkefni Skólaþróunardeildarinnar á Akureyri sem ber heitið Orð af orði,“ segir Guðjón. „Það byggist á að rýna í orðaforðann og búa orðin niður í stofn og orðhluta. Út frá þeim eru búin til ný orð sem eru flokkuð niður í margs konar undirflokkasem falla að áhuga og þörfum bæði nemenda og kennara. Margir skólar taka þátt í áðurnefndu verkefni og reynsla af því er mjög góð.“

Í bóli bjarnar er gefin út af Skólavefnum og þar er að finna **vinnubók** sem samin er út frá hugmyndafræðinni sem kynnt var hér að ofan og við fáum um leið góða innsýn í þróunarverkefnið Orð af orði. Þó er rétt að nefna að ef menn ætla sér að ná alvöru árangri í orðaforðakennslu á miðstigi grunnskóla mæli ég eindregið með þátttöku í verkefninu. Það er von mín að Austurbæjar-

Aðferðafræði annars málsfræðanna tók ég upp á síðasta skólaári ásamt nokkrum kennurum á miðstigi Austurbæjarskóla. Þessi aðferð á vel við og okkar skoðun er sú að ekki þurfi bara að efla orðaforða nýrra Íslendinga heldur gildi það um alla nemendur skólans.



Myndir frá höfund

skóli muni í fyllingu tímans verða fullgildur þátttakandi í Orði af orði.

Í vinnubókinni er rýnt í texta og raddirnar bakvið textann greindar með aðferðum orðræðu- og samtalsgreiningar sem Þórunn Blöndal kenndi mér. Það er gert til þess að nemendur glöggvi sig betur á mun á talmáli og ritmáli. Einnig er á vefnum líkan að **ráðstefnu** þar sem efni bókarnar er krufið og nemendur vinna í hópum með spurningar sem finna má á Skólavefnum. Að lokum gera þeir grein fyrir niðurstöðum hópavinnunnar og fá þannig góða þjálfun í beitingu hins talaða máls en það vill oft gleymast í önnum daglegs skólalífs. Þá eru á Skólavefnum **krossgátur** sem byggjast á orðaforða bókarnar. Þar er sjónum sérstaklega beint að þeim orðum sem finna má í orðskýringunum.“

keg

Heilsustefnan í Snælandsskóla

Allt frá árinu 2000 hefur Snælandsskóli í Kópavogi verið með víðtæka umhverfis-áætlun sem fjallar um flest, ef ekki allt, sem snertir manninn í umhverfinu. Alls eru þetta sjö þemu og eitt þeirra lýtur að heilsu og hreysti manneskjunnar. Kennarar og annað starfsfólk ákvað fyrir þremur árum að leggja sérstaka áherslu á þennan þátt í áætluninni vegna þess að þeim duldist ekki að þoli þeirra sjálfra og nemenda fór hrakandi og skyndibitaæði varð sífellt fyrirferðarmeiri hluti mataræðis í samfélaginu.



Hanna Hjartardóttir skólastjóri Snælandsskóla

Árið 2006 varð því til undiráætlunin *Heilbrigði sál í hraustum líkama* sem tók til allra í skólanum, nemenda, starfsfólks og foreldra.

„Við leggjum líka mikið upp úr andlegri líðan í þessari áætlun,“ segir Hanna Hjartardóttir skólastjóri Snælandsskóla. „Ef starfsfólki líður illa þá líður allur nemendum ekki heldur vel. Það er ekkert flóknara. Við höfum tilgreint nokkra þætti eða eiginlega stikk-órð sem saman stuðla að góðri líðan starfsmanna. Þetta eru jákvæðni, traust, virðing, góður aðbúnaður, samstarf, sveigjanleiki og áhersla á fjölskylduna. Þegar þetta liggur fyrir er eftirleikurinn auðveldari.“

Snælandsskóli tók þátt í átaksverkefninu *Heil og sæl í vinnunni* sem hófst í ársbyrjun 2008 og hlaut viðurkenningu á þessu ári sem fyrirmyndarvinnustaður ásamt Actavis, leikskólanum Lyngholti á Reyðarfirði og Íslandspósti. Átakið er hluti af samevrópsku verkefni er kallast *Move Europe* og er stýrt af Evrópska samstarfsnetinu um heilsuefningu á vinnustöðum. (www.enwhp.org)

Á árinu 2008 kynnti heilbrigðisráðuneytið nýja heilbrigðisstefnu þar sem meðal annars voru tilgreindir ýmsir markhópar, grunn-

skólabörn voru einn þeirra. „Þegar við kynntum okkur stefnuna sáum við hvað við vorum komin langt áleiðis og ákváðum að fara alla leið,“ segir Hanna. „Við sömdum Heilsustefnu Snælandsskóla og ég held að við séum fyrsti grunnskólinn sem gerir þetta. Hins vegar hafa margir leikskólar slíka stefnu. Við leggjum eftir sem áður áherslu á foreldrasamstarf og höfum fengið sérfræðinga úr hópi foreldra til að halda fyrirlestra fyrir unglingana um átröskun, beinvernd, tannvernd og fleira. Með yngri nemendum vinnum við meira þematengt. Allir nemendur eru svo þátttakendur í úti-kennslu samkvæmt áætlun. Heilsuhópur tók til starfa núna í haust og mun vinna að mörgum góðum verkefnum. Þá er gaman að segja frá því að við höldum óhefðbundna starfsmannafundi um það bil einu sinni í mánuði, síðast fórum við til að mynda í golf og í dag [7. október, innskot *keg*] ætlum við fyrst og fremst að hlæja, enda lok hrekkjavínabúnaðar og tilkynnt verður um verðlaun og fleira skemmtilegt.“

keg

Heilsuefning og vinnuumhverfisbólar á www.ki.is

Vinnuumhverfisnefnd KÍ (VUN) setur fræðsluefni á www.ki.is í hverjum mánuði, sk. vinnuumhverfisbólar. Þema haustannar 2009 hjá nefndinni er heilsuefning á vinnustöðum. Hér er stutt brot úr bólu september-mánaðar. Lesið allar bóllurnar á www.ki.is.

Vissir þú að ...

... heilsuefning á vinnustað getur bætt heilsu og líðan starfsfólks, aukið starfsánægju og nýsköpun?

Hvað er heilsa og heilsuefning?

Skilningur fólks á hugtakinu heilsa hefur verið misjafn í gegnum tíðina og ólíkar skilgreiningar til. Sú skilgreining sem er hvað víðtækust og viðurkennd er skilgreining Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (World Health Organization, WHO) frá árinu 1948:

VINNUMHVERFISBÓLAN

• Vissir þú að ... •

„Heilsa er líkamleg, andleg og félagsleg vellíðan en ekki einungis það að vera laus við sjúkdóma eða örorku.“

Heilsuefning á vinnustað:

Miðar að því að efla heilbrigði og vellíðan starfsfólks og koma í veg fyrir vinnutengt heilsutjón og vanlíðan, snýst um að bæta vinnuskipulag og vinnuumhverfi, hvetja starfsmenn til virkrar þátttöku, stuðla að áframhaldandi þroska einstaklingsins og efla mannauð vinnustaðarins, er sameiginlegt átak vinnuveitenda, starfsmanna og samfélagsins alls til að bæta heilsu og líðan vinnandi fólks.

Hvað fleira er gert?

- Þátttaka í Lífshlaupinu / Hjólað í vinnuna
- Breyting á mataræði
- Ávaxtahlæðborð
- Skipulagðar gönguferðir á sumrin
- Ýmsar "léttar" upptakur
- Breytingar á hefðbundnum fundum

Hvað gerum við til að fólki líði vel?

- Sveigjanleiki á vinnutíma
- Virðing og hjálpa í viðmóti
- Heilsufarsskoðun/lífstílsráðgjöf
- Áhættumat og áætlun um forvarnir
- Fyrirlestrar um forvarnir
- Nýððahandbók

Heilsustefna Snælandsskóla: Góð heilsa er gulli betri.

Brot úr stefnunni. Áhugasamir geta lesið hana í heild á www.snaelandsskoli.is undir Skólinn/Áætlanir og stefnur/Heilsustefna.

Nemendur:

Snælandsskóla er umhugað um að nemendum líði vel í skólanum. Stuðlað verði að jákvæðu andrúmslofti sem byggist á góðum samskiptum. Lögð verði rík áhersla á að styrkja tilfinninga- og félagsfærni, bjóða upp á næringarríka fæðu og stuðla að aukinni hreyfingu.

Við viljum fræða nemendur um vinnuvernd og vinnuvistfræði og efla forvarnir og heilsuefningu í viðum skilningi. Þar með talið að efla fræðslu um geðheilbrigði og geðrækt.

Lögð er áhersla á **gæði í samskiptum** sem mikilvægan þátt í almennri vellíðan barna og fullorðinna. Þar er meðal annars átt við gildi einkunnarórða skólans: viska, virðing, víðsýni og vinsemd.

Með heilsustefnu er stuðlað að því að nemendur temji sér heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til framtíðar. Þessa stefnu á að útfæra í samstarfi við foreldra og skólaráð.

Vinnuverndarvikan 2009

Vinnuverndarvika Evrópsku vinnuverndarstofnunarinnar árið 2009 er 19.-23. október.

Ráðstefna Vinnuverndarvinnunnar, Áhættumat fyrir alla, verður haldin í Gullteigi á Grand Hótel í þriðjudaginn 20. október 2009. kl. 13-16. Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur ókeypis.

Sköpum framtíð: Fjárfestum í kennurum án tafar

Þann 5. október sl. var Alþjóðadagur kennara haldinn hátíðlegur um allan heim. Að forgöngu UNESCO er 5. október sérstaklega helgaður kennurum og þennan dag nota þeir samtakamátt sinn til að tryggja að hugað sé að þörfum barna fyrir menntun í nútíð og framtíð. Um leið er 5. október tákn þess að við kunnum að meta mikilsvert framlag kennara til menntunar, framþróunar samfélaga og þroskunar einstaklinga. Yfirskrift dagsins í ár var þessi: Sköpum framtíð: Fjárfestum í kennurum án tafar.

Kennarar eru hylltir þennan dag, 5. október, í yfir hundrað löndum víðs vegar um heiminn. Kennarar skipa miðlægan sess í lífi barna, ungmenna og fullorðinna sem leiðbeinendur þeirra og félagar í lærdómsferlinu. Um allan heim vinna kennarar að því hörðum höndum, dag hvern, að færa nemendum menntun. Á Alþjóðadegi kennara nú í ár var lögð sérstök áhersla á hlutverk kennara í samhengi við alþjóðlega kreppu og þörfina fyrir að fjárfesta í kennurum, án tafar, til þess að tryggja endurnýjun eftir kreppu og draga úr þeim skaða sem hún veldur.

„Það er mikilvægt á þessum erfiðu tímum,“ sagði í kynningu á Alþjóðadeginum, „að leita þeirra tækja sem við eigum í samfélaginu til að vernda kennarastarfið og tryggja, þrátt fyrir kreppu, að fjárfesting í kennurum sé næg og í réttu hlutfalli við þær

kröfur sem til þeirra eru gerðar. Kennarar, með þekkingu sína, reynslu og framsýni að vopni munu reynast öflugir í að varpa nýju ljósi á þann vanda sem við stöndum frammi fyrir og leggja sitt af mörkum til alþjóðlegra lausna.“

Helgi E. Helgason skrifaði grein í Fréttablaðið í tilefni dagsins þar sem hann sagði meðal annars:

„Yfirskriftin hefur sérstaka tilvísun til efnahagskreppunnar í heiminum og afleiðinga hennar. Kennarar standa víða um lönd frammi fyrir gífurlegum sparnaðaraðgerðum og niðurskurði í fjárveitingum til skólamála sem bitnar á þeim með ýmsum hætti, m.a. fjöldauppsögnum, lokun skóla og mikilli fjölgun í bekkjardeildum. Hér á landi hefur enn engum skóla verið lokað, en ríki og sveitarfélög leita allra möguleika til að spara í rekstri. Vonandi gera stjórnvöld sér ljóst hver hættu er fölgín í því að láta kreppuna bitna með fullum þunga á skólakerfinu.“

Niðurskurður í mennta- og skólamálum bitnar verst á fátækum nemendum og þeim nemendum sem mesta þjónustu þurfa. Hann er því aðför að jafnrétti og mannréttindum. Það gildir jafnt á Íslandi sem í öðrum löndum.

En er þá ekki eðlilegt í kreppu að skera niður fjárveitingar til þessara mála eins og annarra? Svarið er nei. Það er þvert á móti óskynsamlegt að skera niður útgjöld til skóla-



mála við núverandi aðstæður. Nú eigum við að slá skjaldborg um skólana og verja þá áföllum. Menntun er auðlind sem við eigum að hagnýta. Fjárveitingar til mennta- og skólamála eru langtímafjárfesting og algert forgangsmál í endurreisn íslensks þjóðfélags.“

Greinin í heild er í Fréttablaðinu 5. október 2009 og tengill í hana á vef KÍ sama dag. Skoðið einnig vef Alþjóðadagsins hjá Education International, www.ei-ie.org/worldteachersday2009/

Íslenskuspilið fær viðurkenninguna European Language Label 2009



Íslenskuspilið hennar Selmu Kristjánsdóttur hlaut viðurkenninguna European Language Label 2009 þann 25. september sl. en þessari viðurkenningu er ætlað að beina athygli að frumlegum og árangursríkum verkefnum í kennslu og námi erlendra tungumála og hvetja til þess að aðferðir sem þar er beitt nýtist sem flestum.

Hugmynd að gerð Íslenskuspilsins kviknaði þegar Selma kenndi íslensku sem annað mál í grunnskóla á Akureyri árið 2003. „Mig vantaði námsefni fyrir nemendur á unglingastigi, sérstaklega munnlegt efni og efni tengt málfræði,“ segir Selma. Nemendur voru ánægðir og þegar Selma fór að kenna fullorðnum útlendingum íslensku hjá hjá þekkingarsetri Þingeyinga voru 2006 greip hún aftur til Íslenskuspilsins og þróaði það með fullorðna í huga. Áhersla er lögð á persónulega tjáningu, orðaforða og setningagerð og málfræði samofin viðfangsefninu. Í kjölfar þessa var samningur undirritaður við þekkingarsetrið

um útgáfu og árið 2008 var unnið markvisst með kennurum setursins sem notuðu spilið á námskeiðum. Í lok hvers námskeiðs mátu nemendur spilið og kennarar veittu umsagnir og komu með hagnýtar ábendingar.

„Grundvallartilgangur Íslenskuspilsins er að stuðla að námi fullorðinna útlendinga í íslensku en spilið nýtist líka á efsta stigi grunnskóla og í framhaldsskólum,“ segir Selma. „Viðfangsefni snerta persónulega og félagslega færni og starfsfærni fólks almennt. Með notkun á Íslenskuspilinu má æfa marga þætti tungumálsins, til dæmis tjáningu, lestur og hlustun. Þættir tungumálsins eru fléttaðir saman og mynda eina heild en einnig er mögulegt að vinna eingöngu með ákveðna þætti. Stuðst er við kröfur menntamálaráðuneytisins í „Námskrá, íslenska fyrir útlendinga – grunnnám“ um að málfræði sé ekki stýrandi þáttur heldur samofin viðfangsefninu hverju sinni þar sem mikilvægt er að nemendur geti beitt málkerfinu á réttan hátt og bætt við orðaforða sinn.“



Selma Kristjánsdóttir

Ljósmynd frá höfundri

Nánari upplýsingar um Íslenskuspilið má finna á heimasíðu þekkingarseturs Þingeyinga: hac.is

Allt í tónmenntastofuna...



...og svo miklu, miklu meira!

Tónastöðin er með meiriháttar úrval
hljóðfæra í öllum stærðum og gerðum,
auk þess að hafa mesta framboð landsins
af nótum og nótnabókum.

Hjá okkur færðu faglega þjónustu,
byggða á þekkingu og áratuga reynslu.



TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 • www.tonastodin.is

Föruneyti barnsins – málþing menntavísindasviðs



Katla Kjartansdóttir lofar fjölbreyttu og skemmtilegu málþingi í lok október!

Nú í októberlok verður mikið um dýrðir fyrir alla þá sem áhuga hafa á menntun og velferð barna og unglunga. Dagana 29. - 30. október verður haldið málþing menntavísindasviðs Háskóla Íslands í samstarfi við menntamálaráðuneytið, Kennarasamband Íslands, mennta- og leikskólasvið Reykjavíkurborgar, Félag framhaldsskóla og samtökin Heimili og skóla.

Málþingið er nú haldið í þrettánda sinn og hefur hlotið yfirskriftina *Föruneyti barnsins – velferð og veruleiki*. Í forsvari fyrir samráðshópi er Katla Kjartansdóttir verkefnastjóri hjá Símenntun, rannsóknir, ráðgjöf á menntavísindasviði. „Okkur fannst við hæfi að vísa til þessa þema sem upprunalega kemur frá Gunnari Hersveini heimspekingi, en hann skrifaði einmitt grein um þetta efni í Skóla-vörðuna í desember 2005,“ segir Katla. „Bar sú grein heitið *Föruneyti barnsins – að byggja innri varnir með börnum* þar sem hann minnir okkur á það mikilvæga föruneyti sem við fullorðna fólkið erum og barnið þarf á að halda fram á sín fullorðinsár.“

Í upphafi þeirrar greinar skrifaði Gunnar Hersveinn: „Bernskan er ævintýri - og það er ævintýri að ala upp barn. Bernskan er dýrmæt og viðkvæm. Hún þarfnast gætni og virðingar.“

„Í þessum örfáu orðum felst góð áminning fyrir okkur kennara, foreldra og samfélagið allt sem umvefur barnið,“ segir Katla. „Í því árferði sem nú er fannst okkur í samráðshópnum sérstaklega mikilvægt að hnykkja á menntun barna og unglunga þar sem velferð þeirra má auðvitað alls ekki lenda undir niðurskurðarhnífnum. Á boðstólum verður geysilega margt spennandi og ber fyrstan að nefna aðalfyrirlesarann, dr. Charles Desforges frá Háskólanum í Exeter, en hann hefur töluvert fjallað um þá auðlind sem felst í foreldrum og hefur hugsanlega verið vannýtt hingað til. Til dæmis hefur hann haldið því fram að heimavinna sem slík skipti ekki máli fyrir gengi barns í skóla. Helsta ástæða þess er sú, segir hann, að heimanám sem venjulega er lagt fyrir gerir í raun ekkert fyrir barnið. Börn þurfa fyrst og fremst að sjá

tilgang með heimavinnunni.

Við í samráðshópnum erum mjög ánægðar með komu hans þar sem við teljum töluvert verk óunnið hér á landi þegar kemur að því að virkja foreldra og skóla til frekar samstarfs barninu í hag.

Næst langar mig að nefna sérstakan heiðursgest málþingsins, sem mun flytja stutt ávarp við setningu þess, en það er frú Vigdís Finnbogadóttir. Í fyrra vorum við með Herdísi Egilsdóttur og þar áður Vilborgu Dagbjartsdóttur svo að kannski má segja að eins konar hefð hafi skapast fyrir því að öflugar og góðar konur efli okkur til dáða með smá hugvekju í upphafi. Báða dagana verða svo málstofur og hringborðsumræður og er þar af nægu að taka.

Til dæmis verða hringborðsumræður um starfendarannsóknir undir stjórn Hafþórs Guðjónssonar dósents og námsbrautarstjóra.



Myndir frá Köttu Kjartansdóttur.

FÖRUNEYTI BARNSINS - VELFERÐ OG VERULEIKI

Málþing menntavísindasviðs verður haldið 29. - 30. október 2009 frá 14.00-17.00.

Aðalfyrirlesari verður dr. Charles Desforges. Ávörp flytja Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra og frú Vigdís Finnbogadóttir.

Alls verða um 100 erindi á boðstólum.

Gunnar E. Finnbogason prófessor í kennslufræði, námskrárfræði og siðfræði og Gretar L. Marinósson prófessor í sérkennslufræði fjalla um áhrif kreppunnar á menntun og uppeldi, ein málstofa verður lögð undir náms-efnisrannsóknir, raddir barna fá að heyrast í annarri þar sem Jóhanna Einarsdóttir prófessor í menntunarfræði ungra barna og fleiri greina frá rannsóknum sínum með áherslu á sjónarmið barnsins. Tólmstundir barna og unglunga, starfsemi frístundaheimila og barnamenningarhúss verða einnig til umfjöllunar ásamt barnalýðræði, fötlunarfræði, málþroska og læsi.

Svo er fullt af áhugaverðum erindum um kennaramenntun, stjórnendur, fagmennsku og listir - og er þá aðeins nefnt brot af því sem í boði er!“

keg

Sunflower kennsluforritin í Álftranesskóla

Viðtal Óskars Sigurðssonar við Gauta Eiríksson náttúrufræðikennara

Fyrir tæpu ári undirrituðu A4 Skóla-vörubúðin (nú: A4 Skrifstofa og skóli) og Álftranesskóli athyglisverðan samning um brýnt skólaþróunarverkefni. Það er til tveggja ára og felst í að nota kennsluforrit frá Sunflower Learning, þ.e. Sunflower fyrir náttúruvísindi, til að: a) styrkja kennslu í náttúrufræði í 8. – 10. bekk, b) stuðla að bættum kennsluaðferðum og bættum árangri nemenda og c) verða öðrum skólum fyrirmynd á þessu sviði. Þess má geta að Sunflower verkefnið hlaut styrk úr Þróunarsjóði námsgagna 2009.

Samstarfsaðilar verkefnisins leggja sitt af mörkum til að ná sem bestum árangri í samstarfinu.

A4 Skrifstofa og skóli leggur til:

- Öll kennsluforrit frá Sunflower en þau eru 27 talsins. Um vefleyfi er að ræða með uppfærslurétti fyrir nemendur og kennara.
- Sérfræðing frá Sunflower sem veitir ráðgjöf og kennslu kennurum Álftranesskóla.
- Fjármagn til að standa straum af kostnaði við þýðingu kennsluforrita á íslensku.
- Verkefnastjóra sem heldur utan um verkefnið.
- Skipulag og umsjón námskeiða og almenna kynningu fyrir aðra skóla.
- Markaðssetningu og sölu kennsluforrita til annarra skóla.

Álftranesskóli leggur til:

- Réttindakennara sem notar Sunflower forrit í kennslu og tekur/taka þátt í þýðingu þeirra.
- Endurmenntun og þátttöku kennara í námskeiðum, kynningum og verkefnum almennt.
- Vel útbúna kennslustofu með rafrænni skólatöflu.
- Aðgang nemenda að forritum á vef, innra neti eða heimasíðu til heimanáms.
- Aðstöðu innan skólans (utan hefðbundins kennslutíma) fyrir námskeið á vegum A4 Skrifstofa og skóli fyrir aðra skóla.
- Heimild fyrir A4 Skrifstofu og skóla að nota nafn og merki skólans í markaðssetningu kennsluforritanna.

Tengiliður Álftranesskóla við A4 Skrifstofu og skóla er Gauti Eiríksson náttúrufræðikennari. Hann hefur jafnframt þýtt stóran hluta efnisins á íslensku og tekið þátt í að kynna forritin



Undirritun samnings. Á myndinni eru (talið frá vinstri til hægri): Erna Ingibjörg Pálsdóttir, aðstoðarskólastjóri, Óskar Sigurðsson, A4 Skrifstofa og skóli, Sveinbjörn Markús Njálsson, skólastjóri og Gauti Eiríksson, náttúrufræðikennari.

fyrir fjölmörgum skólum. Gauti tekur meðal annars á móti kennurum sem vilja kynna sér skólaþróunarverkefnið í Álftranesskóla, svarar fyrirspurnum um það og mun taka þátt í mati á árangri verkefnisins. Óskar Sigurðsson vörustjóri náms- og kennslugagna hjá A4 Skrifstofu og skóla hefur verið verkefnastjóri Sunflower verkefnisins frá upphafi og haldið utan um þýðingarvinnuna.

ÓS Þú hefur talsverða reynslu af kennsluforritunum frá Sunflower sem þýðandi, kennari og fyrirlesari. Hvernig koma þau út?

GE Stærsti kosturinn er að þau eru einföld og skýr. Þetta eru verkfæri sem nýtast við að útskýra ýmislegt á mun einfaldari hátt en hægt er með hefðbundnum aðferðum. Forritin nýtast vel til að útskýra erfið hugtök innan náttúrufræði og tilraunir sem erfitt er að framkvæma eða skilja. Þau nýtast bæði reyndum og óreyndum kennurum og eru sniðin fyrir þá sem vilja innleiða eða nýta sér upplýsinga- og tölvutækni í kennslu.

Nemendur fá tækifæri til að skoða Sunflower forritin heima sem er stór kostur. Það gefur þeim tækifæri til að grúska og eykur vonandi áhuga foreldra. Það skiptir líka máli að forritin eru notendavæn og áhugavekjandi. Þau hjálpa nemendum að öðlast yfirsýn yfir helstu námsþætti innan náttúrufræðinnar.

ÓS Fellur Sunflower efnid vel að áherslum í nýrri aðalnámskrá fyrir náttúrufræði?



Gauti Eiríksson, Óskar Sigurðsson og Erik Childerhouse að kynna kennsluforritin á BETT í janúar 2009.

GE Almennt má segja að kennsluforritin séu mjög öflugur stuðningur við hefðbundið náttúrufræðiefni samkvæmt aðalnámskrá. Þó er misjafnt eftir námsgreinum hve vel þau falla að henni. Innan efnafræði falla þau mjög vel að námskránni og vel að meginhluta hennar innan líffræði og eðlisfræði.

ÓS Geturðu nefnt dæmi úr kennslustund þar sem forritin hafa skilað þér ávinningi og nemendum þínum árangri?

GE Ég get nefnt mörg dæmi þar sem nemendur hafa sagt, „Vá, nú skil ég.“ Skemmtilegasta dæmið sem ég man eftir var þegar ég var að kenna krökkum í 9. bekk í fyrra um sólmyrkva. Þá sagði ein stelpa: „Nú skil ég af hverju sólmyrkvi er svona sjaldan.“ Það er líka gaman að sjá viðbrögð nemenda við því að sleppa tókum á kennslubókinni eins og ég er að gera með 8. bekk núna. Það eru nefnilega ekki sömu krakkarnir sem blómstra í þessari vinnu og í hefðbundinni kennslu. Það má segja að ég hafi hent þeim út í djúpu laugina því nemendur þurfa að tileinka sér nýjar aðferðir við að læra. Það þykir sumum þeirra óþarfi og kjósa heldur hefðbunda bókavinnu, en krakkarnir sem eru ekki eins gefnir fyrir bækur, þau blómstra í Sunflower forritunum.

ÓS Álftranesskóli hefur ákveðið að taka Sunflower forritin inn sem grunnefni á þessu skólaári ásamt því að nota þau áfram sem ítarefni.



Ánægðir nemendur í Álfthanesskóla.

Námskeið í Sunflower

Kennurum verður boðið upp á námskeið, klæðskerasniðin að þörfum síns skóla, í kennsluforritunum frá Sunflower í hverjum flokki fyrir sig, líffræði, efnafræði og eðlisfræði. Einnig verður í boði námskeið um notkun Gagnasmiðs og Gagnaspilara en það eru verkfærisforrit þar sem hægt er að breyta þeim verkefnum sem fylgja forritunum og/eða búa til sín eigin. Síðan er hægt að raða þessum námskeiðum saman í lengri námskeið allt eftir þörfum hvers kennarahóps. Námskeiðin verða skipulögð af A4 og Óskar er tengiliður - oskar@skola.is

Geturðu frætt okkur nánar um þetta?

GE Í vetur ætla ég að gera tilraun með að nota efnafræðiforritin sem grunnefni í náttúrufræði og sleppa kennslubókinni. Sunflower forritin ná vel yfir markmið aðalnámskrár og ég get auðveldlega fyllt inn í þau fáu göt sem eru til staðar. Hugmyndin er að nemendur fari í gegnum öll átta forritin, eitt í einu, en það eru átta námskaflar. Í byrjun skrá nemendur hjá sér glósur af gagnvirkri skólatöflu, eða aðalatriði hvers námskafla. Síðan er unnið í sjálfu forritinu, bæði frjálst en líka tiltekin verkefni. Í lokin vinna nemendur gagnvirk sjálfspróf heima sem eru lögð fyrir þá í gegnum aðgangsstýringarkerfi á netinu. Síðan svara nem-

endur stuttri könnun í skólastofunni.

ÓS Að lokum – telur þú að Sunflower forritin geti bætt árangur nemenda í náttúrufræði?

GE Ég er ekki í nokkrum vafa um að forritin frá Sunflower eru komin til að vera. Þau eru hlekkur á milli bóklegrar kennslu og verklegra tilrauna, gefa kennum tækifæri til að gera kennsluna fjölbreyttari og nemendum tækifæri til að grúska í efninu heima með foreldrum sínum. Ég hef aldrei rekist á kennsluefni sem nær að gera allt þetta á eins einfaldan og skýran hátt. Svo eru þessi forrit líka þrælskemmtileg! Þess má til gamans geta að ég var með stutt námskeið um daginn í efnafræðiforritunum fyrir foreldra

barna í 8. bekk. Samdóma álit þeirra var að mun auðveldara og skemmtilegra væri að læra efnafræðina svona en með hefðbundnum kennsluáðferðum. Foreldrar voru mjög ánægðir með að geta tekið virkan þátt í námi barna sinna. Einn úr hópnum saknaði þess að hafa ekki haft aðgang að svona forritum þegar hann var í grunnskóla.

Óskar Sigurðsson

Höfundur er vöru- og verkefnisstjóri hjá A4 Skrifstofu og skóla.

Á **www.nams.is** er að finna:

- ✓ Upplýsingar um námsefni.
- ✓ Póstlisti fyrir þá sem vilja fygjast með.
- ✓ Gagnvirkt námsefni.
- ✓ Hljóðbækur til niðurhlaðs.
- ✓ Kennsluleiðbeiningar til útprentunar.
- ✓ Fræðslumyndir fyrir skóla.

Nýjar vörur!
Hlý og falleg ullarföt á alla fjölskylduna

JANUS | **Janusbúðin**

Laugavegi 25, 101 Reykjavík & Háfuðstræti 99-101, 600 Akureyri
s. 532-7 899, fax. 502-7 499 s. 461-3006, fax. 461-3007
www.janusbudin.is



Við erum klár

fyrir þig/ykkur



Margir frábærir réttir á matsæðlinum hjá okkur

Rubin
Heitur staður fyrir alla viðburði!

Nánari upplýsingar? Hringdu í 617 1111 eða sendu email til rubin@rubin.is

...við bjóðum upp á frábæra aðstöðu til að halda afmæli, einka-, starfsmanna- og steggjapartý eða hvað sem þér dettur í hug...

gæsapartý
einkasymkvæmi
barnafmæli
fyrirtækjapartý
steggjapartý
skólahópar

keila pool
leiktæki
diskókeila
karoké
golfhermir
beinar útsendingar
hádegismatur
kvöldmatur

KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR
AF SKEMMTUN

Football Cafe

Rubin
www.rubin.is

Keiluhöllin ehf. • Flugvallarvegi • Sími 511 5300 • Fax 511 5301 • www.keiluhollin.is • www.rubin.is



Símenntun Rannsóknir Ráðgjöf Menntavísindasviði HÍ.

Skráning á mvs-simennt@hi.is eða í síma 525-5980

<http://vefsetur.hi.is/srr>

Lestur og ritun á mið- og unglingastigi

1. október, 15. október, 29. október og 12. nóvember kl. 14:00-17:00
Baldur Sigurðsson og Guðmundur B. Kristmundsson
Verð 16 500,-

Hvatning til lestrar

8. október kl 14:00-17:00
Kennari Guðmundur B. Kristmundsson
Verð 5 500,-

Leiðsagnarmat

5. október, 15. október og 3. nóvember kl. 14:30-16:30
Ragnheiður Hermannsdóttir
Verð 10 500,-

Frumskógur fjármálanna ætlað kennurum á unglingastigi

7. október kl. 15:00-17:00
Sigríður Erla Jónsdóttir
Verð 3 500,-

Tónlistarleikir fyrir bekkjarkennara

(1.-4. bekk) 15. október kl. 14:00-16:30.
(5.-8. bekk) 29. október kl. 14:00-16:00
Helga Rut Guðmundsdóttir
Verð 4 000,-

Skapandi hugbúnaður

27. október kl. 14:30-16:00
Sigurður Fjalar Jónsson
Verð 5 000,-

Fjölbreytt

námskeið

í boði fyrir kennara

Frá Námsgagnastofnun

Nýir vefir á www.nams.is



Sjö sögur frá Íslandi – vefur

Vefurinn *Sjö sögur frá Íslandi* er einkum hugsaður fyrir nemendur á mið- og unglingastigi með annað móturmál en íslensku. Honum er ætlað að efla orðforða og málvitund nemenda og fræða þá um land og þjóð. Hverri sögu fylgja nokkur gagnvirk verkefni og í kennaraefni eru viðbótarverkefni sem prenta má út að vild. Vefurinn hentar einnig öðrum nemendum sem hafa þörf fyrir að hlusta og lesa texta samtímis til að örva lestur og lestraráhuga.

Sjö sögur frá Íslandi er þýðing á vefnum *Iceland in English* sem kom út hjá Námsgagnastofnun árið 2006 en markmið hans er að æfa nemendur á miðstigi í grunnskóla í ensku.



Lesþjálfí – vefur

Lesþjálfí er gagnvirkur vefur sem er einkum ætlaður nemendum sem eiga í erfiðleikum með lestur og þurfa mikla þjálfun og endurtekningu til að ná tökum á lestri og lestrarhraða. Vefurinn hentar einnig nemendum sem eiga erfitt með einbeitingu og að halda athygli sinni við lesturinn. Hann nýtist nemendum á ólíkum aldri, allt eftir því hvar þeir eru staddir í lestrarferlinu. Á vefnum má velja á milli sjö sögubóka frá Námsgagnastofnun á öllum stigum.

Lesþjálfí býður upp á:

- Að hlusta sé á textann og fylgst samtímis með honum á skjánum.
- Að nemendur lesi textann línu fyrir línu í því skyni að auka lestrarhraðann.




Skrifað í skrefum – vefur

Vefurinn *Skrifað í skrefum* eftir Sigríði H. Bragadóttur og Auði Ögmundsdóttur var upphaflega opnaður árið 2000 sem ítarefni fyrir kennara sem notuðu samnefnda handbók um kennslu ritunar. Bókin sem kom út 1997 er byggð á kenningum fræðimanna um ferlisritun og reynslu höfunda af öllum stigum grunnskólakennslu.

Vefurinn hefur nú verið endurskoðaður og miklu efni bætt við hann svo að hann hefur í raun margfaldast að stærð. Þar má finna fjölbreytilegar æfingar, verkefni og hugmyndir að ritunarverkefnum ásamt ýtarlegum kennsluleiðbeiningum, matsblöðum og gáttlistum. Þá hefur uppbyggingu verið breytt nokkuð og vefurinn hefur fengið nýtt útlit. Hildigunnur Halldórsdóttir og Margrét Friðriksdóttir sáu um vefgerð en Arnar Ólafsson um grafíska hönnun.

Nýjar kennslubækur í sögu frá Námsgagnastofnun



Sögueyjan 870–1520


Sögueyjan eftir Leif Reynisson er fyrsta bókin af þremur í samnefndum bókaflakki sem Námsgagnastofnun gefur út. Ritróðinni

er ætlað að spanna Íslandssöguna frá landnámi til okkar tíma.

Meginmarkmið bókarinnar er að varpa ljósi á íslenskt samfélag frá landnámi til loka miðalda. Annars vegar er gerð grein fyrir myndun og þróun íslensks samfélags í réttri tímaröð. Hins vegar eru tilteknir þættir samfélagsins teknir fyrir og þeir útskýrðir.

Efnið er fléttað saman með þeim hætti að nemendur fái tilfinningu fyrir framvindu sögunnar og átti sig um leið á samhengi tiltekinnna samfélagsþátta.

Aðalatriðið er að veita skýra innsýn í samfélag miðalda svo að nemendur geti áttað sig á lífsskilyrðum almennings og ólíku hlutskipti landsmanna varðandi auð og völd. Þórey Mjallhvít Ómarsdóttir myndskreytti bókina sem er ætluð fyrir miðstig og unglingastig grunnskóla. Bókin er 98 blaðsíður. Kennsluleiðbeiningar og verkefni eru væntanleg á vefinn í september.



Miðaldafólk á ferð

Miðaldafólk á ferð eftir Þorstein Helgason er ný kennslubók í sögu fyrir miðstig grunnskóla. Sagt er frá ferðum fólks og nokkrum atvikum á seinni hluta miðalda, einkum á tímabilinu 1000–1600. Fylgst er með ferðum og samskiptum fólks, einkum á fjarlægum slóðum. Bókinni er ætlað að víkka sjóndeildarhringinn og vekja spurningar um hlutskipti fólks á miðöldum og erindi þess við okkar tíma. Kennsluleiðbeiningar og verkefni eru væntanleg á vefinn. Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir myndskreytti bókina sem er 64 blaðsíður.

ALBA

Gistiheimili

Orlofsávísanir KÍ gilda hjá okkur



Í miðri Reykjavík

■ www.alba.is

Eskihlíð 3 • 105 Reykjavík

stay@alba.is • Sími 552 9800

Bókasafn

Kópavogs



Hvar finnur þú skemmtun og fróðleik í rólegu umhverfi?

Komdu á bókasafnið.

Bókasafnið er
fróðleiksnáma—lestur —
menntun-skemmtun—staður
til að læra— heitir reitir—
netaðgangur— tónlist og
myndlist—aðstoð ávallt til
reiðu.

Aðalsafn
Hamraborg 6a
Sími:570 0450
Afgreiðslutími
mán-fim 10-20
föst 11-17
lau og sun 13-17

Lindasafn
Núpalind 7
Sími:564 0621
Afgreiðslutími
mán-fim 14-19
föst 14-17
lau 11-14

Mikið Úrval

Þekjultir, Tússpennar,
Pappír, Lím, Blindrammar,
Pennslar, Kraftpappír,
Bókbandslím ofl

LITALAND

Furuvellir 7 Akureyri 461 2760, Domus Medica Reykjavík 562 2422, www.litaland.is

Krefjandi umhverfi og kjörið til útikennslu

Það var í byrjun fjórða áratugar síðustu aldar að leitað var til reglu St. Franciskussystra og þær beðnar um að taka að sér að reisa og reka sjúkrahús í Stykkishólmi. Þeirri málaleitan var vel tekið og þann 22. júní 1935 komu fyrstu St. Franciskussysturnar til Stykkishólms.

Aðalvinna St. Franciskussystranna var í tengslum við spítalann en Hólmara höfðu byggt stórt svo þó nokkuð af húsnæðinu var ónýtt og reksturinn því dýr. Það varð úr árið 1940 að systurnar tóku til sín í sumarvistun börn úr Reykjavík að beiðni Rauðakross Íslands. Það samstarf hélt allt til loka síðari heimsstyrjaldar. Sumardvalarvistunin var síðan tekin upp að nýju árið 1957 og enn voru það börn af Reykjavíkursvæðinu sem nutu góðs af sveitasælunni. Þessi starfsemi var með hléum til ársins 1980 er hún lagðist endanlega niður.

En systurnar létu sér ekki nægja að reka sumardvalarheimili. Þann 7. október 1957 var Leikskóli St. Franciskussystra stofnaður. Hann starfaði á veturna og var ætlaður börnum undir skólaskyldualdri. Jókst þessi starfsemi ört, frá því að vera tólf börn árið 1957 til þess að börnin voru orðin sextíu talsins árið 1963. Þrengslin voru þá orðin mikil og því var ráðist í það árið 1967 að byggja sérstakt hús samtengt spítalanum til að hýsa leikskólann.

Systurnar tengdust börnum í bænum á ýmsan hátt. Þær sáu til dæmis um saumatíma og smíðatíma á sunnudögum og voru með bíó þar sem sýndar voru myndir með kristilegu ívafi. Eins og nærri má geta hefur þessi rekstur systuranna haft mikil áhrif á mannlíf í Stykkishólmi. Árið 1997 tók Stykkishólmsbær við rekstri leikskólans sem þó var áfram í sama húsnæði.

Leikskólinn stendur því á gömlum merg og margar hefðir hafa skapast í bland við nýjungar. Sem dæmi má nefna að á litlu jólnum leika elstu börnin helgileik í búningum sem systurnar saumuðu og eru mjög skemmtilegir. Mörgum börnum og foreldrum finnst þessi sýning vera hápunkturinn á leikskólaferlinum og mikil spennan er þegar dregið er um hlutverk. Foreldrar rífa jafnvel upp í hvaða hlutverki þau voru sjálf á sínum tíma.

Nú er leikskólinn til húsa í útjaðri bæjarins að Búðanesvegi 2 þar sem starfsemi hófst í janúar 2007. Öll hönnunarvinna gekk vel og hafði starfsfólk skólans heilmikið um hana að segja. Arkitekt var Guðrún Ingvarsdóttir sem starfaði hjá Arkís og lóðahönnun var í höndum Landhönnunar.

Þegar kom að vali á nöfnum á deildir og önnur svæði í skólanum var lagst yfir



Ljósmyndir frá höfundum

Systurnar tengdust börnum í bænum á ýmsan hátt. Þær sáu til dæmis um saumatíma og smíðatíma á sunnudögum og voru með bíó þar sem sýndar voru myndir með kristilegu ívafi.

Skammt frá hafa frístundabændur fjárhús og þar eru einnig hestar á beit og því mikið líf á vorin. Í nágrenninu er líka hænsnakofi og ganga hænur lausar um í skógi þar hjá. Verið er að útbúa útikennslustofu og sett voru upp fuglahús.

örnefnað af svæðinu og dregin fram gömul nöfn. Deildirnar heita eftir gömlum bæjum sem voru hér á svæðinu, Vík, Nes og Ás. Hér má einnig finna Stemmuvík, Fornukvíar, Leyni og Fúlutjörn svo að fátt eitt sé nefnt. Í garðinum höfum við svo meðal annars Riddaratóftir og Hvíthól.

Þrjár aldursskiptar deildir eru í leikskólanum og ræðst aldursskipting af fjölda í árgöngum hverju sinni. Í haust var tekin upp sú nýbreytni að hafa árgömlu börnin út af fyrir sig á **Vík**. Aðlögun er háttað eftir aðstæðum hverju sinni. Eitt til þrjú börn eru tekin inn í einu og hefur það gengið vel. Það gleður okkur hvað foreldrar og börn eru ánægð. Foreldrar eru mjög samvinnufúsir og börnunum líður vel og eru sátt við að umgangast jafnaldra sína.

Starfsemi deildarinnar er ekki komin í fastar skorður þar sem lögð hefur verið áhersla á að aðlaga börnin og verður deildin í mótun í vetur. Könnunarleikur verður í hávegum hafður ásamt öðrum athöfnum sem tilheyra þessum aldri.

Á **Nesi** eru börn á aldrinum tveggja til þriggja ára. Þar stíga þau sín fyrstu skref í vali. Þá fara þau meira um svæðin í leikskólanum og kynnast öllum rýmum. Sjálfs-traust þeirra eflist og sjóndeildarhringurinn víkkar. Hópastarfið þróast áfram og með hækkanði aldri eflist úthald og þrek þeirra til áframhaldandi vinnu og gönguferða. Elstu börnin eru á **Ási**. Tveir elstu árgangarnir eru frekar fámennir þetta skólaárið svo að þeir rúmast báðir á deildinni. Starf á eldri deildum er byggt upp á vali og hópastarfi

Mikið er sungið í leikskólanum en sönghefti er gefið út á hverju hausti og valin sérstök mánaðarlög. Tvisvar í viku hittast allar deildir og syngja saman.

og er tónlist og annað skapandi starf áberandi.

Á hverjum morgni fram til kl. 10 eru settar upp fjórar til sjö vinnustöðvar á deildunum sem börnin hafa val um. Morgunmat er kl. 8 - 9. Alla daga nema föstudaga tekur svo starf í hópunum við fram undir hádegi. Þemað í vetur er „náttúran og við“, þriðja veturinn í röð, enda af nógu að taka þar og umhverfið okkur hugleikið. Á Nesi er þemað meira í tengingu við „ég sjálfur“. Í náminu er stuðst við könnunaraðferðina eða „Project approach“ sem byggist á þroska, getu og áhugasviðum hvers hóps fyrir sig og öll námssvið leikskólans fléttuð saman. Verkefni hópa verða fyrir vikið skemmtilega ólík og byggjast yfirleitt upp yfir langt tímabil. Elstu börnin vinna í „skólastundum“ einu sinni í viku. Ýmis sérvalin verkefni eru lögð fyrir börnin til að þjálfra undirstöðuþætti þess náms sem bíður þeirra í grunnskóla, bæði varðandi undirstöðuatriði lestrar- og stærðfræðináms og ýmsa fleiri nauðsynlega færniþætti.

Mjög gott samstarf hefur verið á hjá Leikskólanum, Grunnskólanum og Tónlistarskólanum í Stykkishólmi undanfarin ár og mikil festa komin í það starf. Eftir hádegi skiptast svo á hvíld, útivera og val þar sem Ás og Nes blandast saman. Mikið er sungið í leikskólanum en sönghefti er gefið út á hverju hausti og valin sérstök mánaðarlög. Tvisvar í viku hittast allar deildir og syngja saman. Tónlist er einnig mikið notuð í hreyfingu en í skólanum er góður salur til hreyfileikja og ýmskonar samveru.

Í leikskólanum hafa verið töluvert mörg tvítyngd börn undanfarin ár og er þeim mjög vel sinnt. Þau fá auka málörvunartíma og orðamöppu þar sem sett er inn mynd með orði eða setningum. Tákn með tali er einnig alltaf notað. Orðum er bætt í möppuna eftir því sem náminu vindur fram og fylgir mappan barninu heim. Í þeim tilfellum sem báðir foreldrar eru tvítyngdir eru notaðar samskiptabækur með einföldum myndrænum skilaboðum og gjarnan ljósmyndir af barninu í starfi.

Þegar lóð leikskólans var hönnuð var lögð áhersla á að hún væri krefjandi fyrir börnin. Brekka er á lóðinni þar sem hægt er að renna sér á veturna. Lóðin er stór með svæði fyrir ýmsa leiki. Þar er einnig matjurtagarður þar sem hægt er að setja niður kartöflur og rækta grænmeti. Kennarar skólans vilja gjarnan nýta þetta svæði enn betur. Mikið er um trjágróður á lóðinni sem á eftir að vaxa



Á litlu jólnum leika elstu börnin helgileik í búningum sem systurnar saumuðu og eru mjög skemmtilegir. Mörgum börnum og foreldrum finnst þessi sýning vera hápunkturinn á leikskólaferlinum og mikil spennan er þegar dregið er um hlutverk.



upp. Kennarar og nemendur hafa tekið að sér ákveðin svæði til að hlúa að. Þannig læra börnin að bera umhyggju fyrir gróðrinum.

Margir möguleikar til vettvangsferða og útíkennslu eru í nærumhverfi leikskólans. Í nokkurra mínúta göngufjarlægð er þýft svæði og holt lyngi vaxin með náttúrulegu holtagrjóti sem kjörið er að leyfa börnunum að klifra í. Rétt við holtið er kirkjugarður bæjarins sem hægt er að nýta í kennslu á ýmsa vegu. Bak við skólann er einskismannsland sem býður upp á ýmsa möguleika, til dæmis taka land í fóstur. Rétt við leikskólann eru hesthús bæjarins og reiðvöllur. Skammt frá hafa frístundabændur fjárhús og þar eru einnig hestar á beit og því mikið líf á vorin. Í nágrenninu er líka hænsnakofi og ganga hænur lausar um í skógi þar hjá. Þetta svæði kallast Nýrækt af Hólmurum og þarna hefur Skógræktarfélag Stykkishólms ræktað upp skóg. Verið er að útbúa útíkennslustofu og

sett voru upp fuglahús.

Í göngufæri eru mjög skemmtilegar fjöror þar sem finna má alls konar dýr svo sem skeljar, síli, marflær, krabba og ígulker. Þarna vex einnig þang og þari og í fjörunum er einnig mikið af steinum, bæði stórum og smáum.

Hér hefur verið stiklað á stóru um starfsemi Leikskólans í Stykkishólmi og alla þá möguleika sem nærumhverfi hans hefur upp á að bjóða. Við val á staðsetningu skólans var haft í huga að hann hefði að leiðarljósi að nýta umhverfið í starfi með börnunum. Síðustu St. Franciskussysturnar kvöddu Stykkishólmi nú í ágúst og hurfu til annarra starfa, þegar reglan hætti starfsemi hér, en andi þeirra lifir áfram í starfi leikskólans.

Kennarar við Leikskólann í Stykkishólmi.



PISA ráðstefna um árangur í raungreinum

Ráðstefnan Northern lights III um niðurstöður PISA 2006 var haldin í Reykjavík dagana 17. og 18. ágúst sl. Norræna ráðherranefndin hélt ráðstefnuna en Ísland fer með formennsku í nefndinni á þessu ári. Að þessu sinni var sjónum beint að árangri nemenda í raungreinum við lok skyldunáms.

Farið var ofan í saumana á niðurstöðum með aðkomu sérfræðinga frá Norðurlöndunum, meðal annars með tilliti til þess hvað er líkt og ólíkt á milli Norðurlandanna, viðhorf nemenda og skólustjórnenda til raungreina og raungreinakennslu voru skoðuð og tengsl árangurs í raungreinum (naturfag) borin saman við ýmsar bakgrunnsbreytur. Samtímis ráðstefnunni var gefin út ný norræn skýrsla um PISA 2006, *Northern Lights on PISA 2006*, sem gefin er út af Norrænu ráðherranefndinni og unnin af hópi norræna sérfræðinga.

Fyrri dag ráðstefnunnar var áhersla á frammistöðu nemenda í náttúrufræði og þann síðari var meðal annars fjallað um rafrænar prófanir og beinar rannsóknir á því sem gerist í kennslustundum. Rafræn próf eru stórt umfjöllunarefni og fer enn stækkandi, því verða gerð betur skil í næsta blaði. Einungis Danmörk og Ísland tóku þátt í rafrænni prófun á frammistöðu í náttúrufræði, öll Norðurlöndin hafa hins vegar tekið þátt í PISA frá upphafi og hafa finnskir nemendur ætíð komið best út. Ísland, Noregur og Danmörk hafa sýnt svipaða frammistöðu, en Ísland sker sig úr sökum mikils munar á frammistöðu stúlkna og drengja. Ísland er eitt af fáum löndum í allri rannsókninni þar sem stúlkur eru að jafnaði betri í öllum greinum en drengir. Eitt af umfjöllunarefnum ráðstefnunnar var þessi kynjamunur.

Frammistaða flestra landa í lestri hefur farið versnandi frá árinu 2000 þegar fyrsta rannsóknin var gerð. Hér á landi er þessi tilhneiging mjög skýr en seint á árinu 2010 eru væntanlegar nýjar niðurstöður í lestri sem varpa frekara ljósi á þróun

mála. Hérlandis kom nýverið út rannsókn á lestrarkennslu í íslenskum grunnskólum sem unnin var fyrir menntamálaráðuneytið af Félagsvísindastofnun HÍ. Þar kemur meðal annars fram sú niðurstaða að „skortur er á faggreinabundnum endurmenntunarnám-skeiðum með eftirfylgd og stuðningi fyrir þá kennara sem hyggjast nýta sér þær nýjungar sem kynntar eru á námskeiðunum. Án slíkra námskeiða er faglegri þróun lestrarkennslu stefnt í voða.“ Með PISA 2006, þessa könnun og umræðu um hana, auk niðurstaðna sem lofað er á næsta ári er vonandi að okkur lánist að finna leiðir til að bæta læsi á Íslandi.

PISA er vissulega umdeilt fyrirbæri og hefur verið gagnrýnt fyrir aðferðafræði og framkvæmd á ýmsa lund, auk undir- liggjandi hugmyndafræði. Um leið og brýnt er að gagnrýna PISA, sérstaklega í ljósi þess að fyrirbærið hefur og getur haft umtalsverð áhrif á stefnumótun í mennta- og skólamállum heilla þjóða, koma þar líka fram ýmsar gagnlegar vísbendingar sem eru vel þess virði að fjalla um og rýna í út frá forsendum hvers samfélags fyrir sig og í samvinnu við önnur. Þá hefur PISA kveikt margar spurningar sem uppeldis- og

Technology systems in the national level curricula in Nordic countries

Denmark, Norway and Sweden: “technology” is part of the national curriculum and introduced with science

- Norway: *technology and design* as elements of the science attainment goals

- Sweden: longest tradition in technology education: goals for technology in the curriculum.

Iceland: technology is addressed as a process

In the *Finnish* curriculum, “technology” is an intercurricular subject and also part of science, handicraft and home economics curriculum.

Pisa 2006: Northern Lights III, Grand hotel, Reykjavik, August 17 - August 18, 2009



22

félagsvísindamönnum ásamt fleirum hefur reynst frjótt og forvitnilegt að leita svara við. Sem dæmi má nefna samanburð á námskrám (curriculum) og innihaldi vísindanáms á Norðurlöndum annars vegar og á almennum og færnimarkmiðum sem sett eru fram í PISA 2006 rammanum hins vegar. Þetta var til umfjöllunar hjá þeim Jari Lavonen, Svein Lie, Allyson Macdonald, Magnus Oscarsson, Claus Reistrup og Helene Sørensen. Mjög áhugavert grúsk og enn fremur í ljósi ýmissa „hliðarafurða“ svo sem um samanburð á hugmyndum og afstöðu þjóðanna til hugtaksins tækni – sjá glæru hér á síðunni.

Ráðstefnan Northern lights III var liður í þeirri viðleitni að græða á PISA 2006, ekki í fjárhagslegum skilningi heldur þekk- ingarlegum. Enn er án efa víða óþægðir akur í PISA gögnunum sem hér voru til skoðunar út frá norrænu sjónarhorni. Áhugasömum er bent á vef menntamálaráðuneytis þar sem hægt er að skoða og hlaða niður gögnum þessu að lútandi á www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/5046

keg



TIL HAMINGJU ÍSBRÚ

KENNSLA Í ÍSLENSKU SEM ERLENDU MÁLI

SKÓLAVEFURINN VILL ÓSKA ÍSBRÚ TIL HAMINGJU MEÐ GLÆSILEGA NÁMSEFNISKYNNINGU SÍNA Á HÓTEL SÖGU 26. SEPTEMBER SÍÐASTLIÐINN Í TENGLUM VIÐ EVRÓPSKA TUNGUMÁLADAGINN. ÞETTA VAR FRÁBÆR DAGUR OG GAMAN AÐ SJÁ HVE MARGIR ERU AÐ VINNA GOTT STARF Í ÞÁGU ÞESSA MÁLEFNIS.



VIÐ FÖGNUM ÞVÍ GÓÐA STARFI SEM ÍSBRÚ VINNUR Í ÞÁGU KENNSLU Á ÍSLENSKU SEM ERLENDS MÁLS. HLÖKKUM TIL FREKARA SAMSTARFS Á NÆSTUNNI.

SKOLAVEFURINN.IS



ÍSLENSKA Á ALLRA VÖRUM

Bryndís Indiana Stefánsdóttir og Kristín Björk Gunnarsdóttir voru að gefa út námsefni sem heitir *Íslenska á allra vörum*.

Námsefnið er upphaflega búið til fyrir útlendinga sem eru að læra íslensku en hentar einnig vel til kennslu í grunnskólum, sérkennslu og almennrar kennslu.

„Við fengum styrk úr þróunarsjóði námenisgerðar hjá menntamálaráðuneytinu í mars,“ segir Bryndís Inda, „og fengum þá í lið með okkur grafískan hönnuð til að gera þetta sem flottast. Verkefnið eru tólf talsins og við höfum verið að þróa þau á síðastliðnum tveimur árum við kennslu í íslensku fyrir útlendinga hjá Margvís ehf. á Akureyri.“

Myndlistarvörur í 30 ár!



Vandaðar myndlistarvörur
fyrir listamenn og skólafólk.

Verið velkomin í

LITIR OG FÖNDUR

SMÍÐJUVEGI 4 • SÍMI 552 2500
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 12 og 16 • SÍMI 552 1412



Erró, 1980, Gordon Cooper ásamt Mercury-flaug.



Listasafn Reykjavíkur

Skólaárið 2009-2010

Yoshitomo Nara + graf, 2008, Drawing Room (Vinnustofa).

Safnfræðsla: Líflegt nám á safni

Kjarvalsstaðir
Hafnarhús
Ásmundarsafn



Grunnskólaheimsókn.



Leikskólaheimsókn.

Frá Orlofssjóði KÍ

Nýja húsið í Ásabyggð

Í september 2009 var tekinn í notkun nýr bústaður við Ásabyggð 34. Hann er 83m² og skiptist í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús með borðkróki og baðherbergi með sturtu. Tvö herbergi eru með hjónarúmi, annað með rúmi að stærð 180 x 200 sm, hitt að stærð 160 x 200 sm. Í þriðja herberginu er koja og er efri kjojan 80 x 200 sm en sú neðri 110 x 200 sm. Barnarúm er á staðnum.

Húsið er mjög vel búið húsmunum og er þar m.a. útvarp/geisla-spilari, sjónvarp, DVD, þvottavél og gasgrill. Einnig er heitur pottur og stór verönd við húsið. Blöndunartæki fyrir pottinn eru í baðherberginu og upplýsingar um notkun hans eru í upplýsingamöppu. Heitir pottar skapa hættu fyrir börn og því þarf að fylgjast vel með börnunum í nálægð pottsins. Muna að læsa lokinu þegar potturinn er ekki í notkun.

Ásabyggðin í heild

Kennarasamband Íslands á þrettán orlofshús í Ásabyggð á Flúðum í Hrunamannahreppi. Fyrstu húsin voru tekin í notkun haustið 1986, en sumarið 2007 voru byggð tvö ný hús í stað eldri húsa nr. 32 og 33. Haustið 2009 var svo nýtt hús tekið í notkun við Ásabyggð 34 eins og fyrr er getið.

Stærð húsanna er frá 53m² til 83m². Nýju húsin nr. 32 og 33 eru 75m² með svefnplássi fyrir sjö manns en hús nr. 34 er 83m². Hús nr. 44 er sérstaklega hannað fyrir fatlaða. Í hverju húsi eru þrjú svefnherbergi og í hverju svefnherbergi eru tvö rúmstæði. Sængur, koddar og teppi eru fyrir sex (fyrir sjö í húsum nr. 32, 33 og 34) en ekki er séð fyrir sængurverum. Barnarúm og barnastólar eru í öllum húsum.

Setustofa er með útvarpi og sjónvarpi með DVD. Í eldhúsi eru öll algeng eldhúsaðhöld og rafmagnstæki, s.s. eldavél með ofni, ísskápur, kaffivél, vöflujárn og brauðrist. Kolaútigrill fylgir hverju húsi (gasgrill fylgir húsi 34). Heitir pottar eru fyrir utan hvert hús og ítarlegar leiðbeiningar um notkun þeirra er að finna í upplýsingamöppu.

Í húsi nr. 35 má vera með hunda og þurfa þeir sem vilja taka með sér gæludýr að sækja um hús nr. 35 sérstaklega.



Leiðréttist hér með!

Tvær meinlegar villur voru í síðasta tölublaði Skólavörðunnar.

1. Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ var ranglega nefndur Framhaldsskóli Mosfellsbæjar á forsíðu blaðsins.
2. Í frétt á bls. 11 láðist að geta um Skólafélagsfélag Íslands, SÍ, þegar fjallað var um breyttar reglur Vísindasjóðs FL og Vonarsjóðs FG og SÍ. Þess í stað var einungis getið um FL og FG.

Við biðjum alla hlutaðeigandi innilega afsökunar á þessum mistökum.

Netlufréttir

Þorgerður Hlökkversdóttir listgreinakennari við Ingunnarskóla er höfundur greinarinnar [Listgreinakennsla](#) sem nýlega birtist í Netlu. „Samfélagið og þar með skólinn,“ segir Ingunn, „þarf [því] að taka afstöðu til þess hvað á að leggja áherslu á og hvað nemendur eiga að fá út úr veru sinni í skólanum. Á að gera þá meðvitaða um sjálfa sig og að þeir séu gerendur í eigin lífi en ekki bara þiggjendur tilbúinnar þekkingar? Á að hjálpa þeim að gera sér grein fyrir stöðu sinni og ábyrgð í samfélaginu og þeim möguleikum sem það býður upp á? Við verðum að kenna nemendum þá list að njóta, segir Eisner; gefa þeim tíma til að upplifa og skynja heiminn á eigin forsendum og njóta þess að sökkva sér ofan í viðfangsefni.“ Lesið grein Þorgerðar á [netla.khi.is](#)



**Varstu að skipta um netfang?
Láttu okkur vita!**

felagaskra@ki.is

Stuttmyndagerð kennara á norrænni vinnustofu eTwinning í Reykjavík

Á þriðja tug tungumála- og félagsgreina-kennara alls staðar að af Norðurlöndum fræddust um eTwinning, netöryggi, notkun kennsluefnis- og stuttmyndapakks Norden i Bio og síðast en ekki síst, skrifuðu handrit, tóku upp og klipptu eigin stuttmyndir á samnorrænni eTwinning-vinnustofu í ágúst. eTwinning er áætluð ESB um skólasamstarf gegnum Internetið.

eTwinning er áætlun ESB um rafrænt skóla-samstarf, hún hentar öllum kennslugreinum jafnframt því að vera óformleg og laus við skrifinnsku. Þátttaka íslenskra skóla í eTwinning hefur aukist mikið undanfarin ár. Dæmi um uppgang eTwinning er samnorræn vinnustofa, skipulögð af öllum landskrifstofum eTwinning á Norðurlöndum 26. til 28. ágúst síðastliðinn, en þetta er fyrsta alþjóðlega eTwinning-vinnustofan sem haldin er hér á landi.

Þema vinnustofunnar var norræn mál og menning og hvernig hægt er að gera kennsluna fjölbreyttari með stafrænni stuttmyndagerð og með notkun stuttmynda eftir aðra. Þátttakendur komu frá öllum Norðurlöndunum, þar af níu frá Íslandi – frá Laugalækjarskóla, Flensborg, Álfanesskóla, Grunnskóla Seltjarnarness – Valhúsaskóla, MH og Varmáarskóla. Gerð var sú krafa að þátttakendur myndu sér samstarfsaðila og stofnuðu eTwinning-verkefni sem yrði unnið á yfirstandandi skólaári.

Á fyrsta degi vinnustofunnar fjallaði Ann-Marie Degerström, landskrifstofu eTwinning í Svíþjóð, um hið nýja eTwinning-kerfi. Á síðasta ári var ný útgáfa af eTwinning-Desktop (eD) opnuð. eD er eigið svæði hvers kennara (einskonar fésbók fyrir kennara) þar sem hver og einn getur sett inn upplýsingar um sjálfan sig, leitað samstarfsaðila og stofnað samstarfsverkefni á einfaldan hátt. Allir sem skrá sig í eTwinning fá strax aðgang að eD (skránir fer fram á etwinning.net). Ann-Marie fjallaði einnig um hið nýja TwinSpace (TS), þ.e. eigið svæði hvers verkefnis sem er stofnað (einskonar rafræn kennslustofa). Hið nýja TS er mun meðfærilegra en áður og mun auðveldara að laga það að þörfum hvers verkefnis. Á TS er hægt að skiptast á skjölum, myndum, hreyfimyndum, spjalla og setja upp blogg, svo að nokkuð sé nefnt.

Carl Liungman, verkefnisstjóri hjá norrænu félögunum, fjallaði um kennsluefnis- og stuttmyndapakks Norden i Bio sem inniheldur stuttmyndir frá öllum Norðurlöndunum ásamt stuðningsefni fyrir kennara. Á hverju ári er nýtt þema, nú síðast umburðarlyndi. Áhugasömum er bent á heimasíðu verkefnisins: nordenibio.org

Annar dagur hófst á því að Torbjörn Moe frá Utdanningsdirektoratet í Noregi



Ljósmynd frá höfund

Það frábæra við eTwinning er Twin Space [vefsvæðið], sem að mínu mati þjónar algjörlega vefkennslustofu og einfaldar allt utanumhald. Guðlaug Ósk Gunnarsdóttir kennari við Varmáarskóla.

fjallaði um höfundarrétt, persónuvernd og heimildagagnrýni á netinu. Fjallaði hann meðal annars um norska netöryggis-átakið „du bestemmer“ sem er ætlað að auka meðvitund ungmenna um örugga og siðræna netnotkun (dubestemmer.no). Heiti verkefnisins vísar til þess að hver og einn ráði því sjálfur hvernig hann kemur fyrir á netinu og því sé mikilvægt að hugsa sig um áður en maður tjáir sig eða leggur efni út á netið (verkefnið er ekki ósvipað SAFT-verkefni Heimilis og skóla um örugga netnotkun: saft.is).

Afgangurinn af deginum fór í vinnustofu á Háskólatorgi þar sem kennararnir, tveir og tveir saman, skrifuðu handrit, tóku upp, klipptu og gengu frá eigin stuttmyndum – allt á einum eftirmiðdegi! Stuttmyndagerð reyndist afar góð til þess að hrista fólk saman. Knappt form og tími gerðu að verkum að fólk leysti úr læðingi sköpunarkraft og útsjónarsemi. Mörgum fannst þeir setja sig í spor nemenda sinna og töluðu um hve örvandi stuttmyndagerðin væri og hve mikla möguleika hún veitti í kennslu. Sjá stutt myndband frá vinnustofunni á forsiðu íslenska eTwinning-bloggsins: etwinning.blog.is.

Lokadagur vinnustofunnar hófst á því að horfa á stuttmyndir kennaranna við mikinn fögnuð viðstaddra. Síðan fengu tilvonandi


samstarfskennarar tóm til að tala sig saman um eTwinning-verkefni komandi vetrar. Nokkur verkefnanna eru þegar komin í gang og flétta þau á ólíkan hátt saman norræn mál, menningu og notkun stuttmynda og kvikmynda í kennslu. Meðal annars er eitt verkefni þar sem stríðsárin í Danmörku og Íslandi verða borin saman.

Það var samdóma álit allra að vinnustofan hefði verið vel heppnuð. Áhersla á samstarf Norðurlanda og á stuttmyndir og kvikmyndir dró tvennt fram: Annars vegar hversu mikill auður felst í því að tilheyra hinu norræna málsmáfélagi og hins vegar að norræn samfélagsgerð og menning hefur ákveðin sérkenni sem vert er að skoða nánar. Þau samnorrænu eTwinning-verkefni sem þátttakendur vinna starfrækja á komandi skólaári munu vafalaust bera þessum samnorræna anda gott vitni.

Allar nánari upplýsingar um eTwinning er að finna á heimasíðu landskrifstofunnar: www.etwinning.is

Einnig má hringja í Guðmund Inga Markússon í síma 525 5854 eða senda tölvupóst á netfangið gim@hi.is

Guðmundur Ingi Markússon
Höfundur er verkefnisstjóri hjá Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins.



Ferðaskrifstofa
Vesttravel

Hóperðamiðstöðin
Vesttravel

TREX
Travel Experiences

ÞEGAR ÞIG VANTAR RÚTU!

Hesthalsi 10, 110 Reykjavík - www.trex.is - info@trex.is - Sími 587 6000

Hegðun og samskipti í skólastarfi – ársþing SÁUS

Ársþing Samtaka áhugafólks um skólaþróun, Hegðun og samskipti í skólastarfi, verður haldið dagana 6.–7. nóvember nk. í Sjálandsskóla í Garðabæ. Dagskrá er sem hér segir:

Föstudagur 6. nóvember

- 14.30 Setning. **Helgi Grímsson** skólastjóri Sjálandsskóla og formaður Samtaka áhugafólks um skólaþróun:
- 14.40 **Aldís Yngvadóttir** ritstjóri hjá Námsgagnastofnun: Náms- og kennsluefni Námsgagnastofnunar á sviði félags-, tilfinninga- og siðferðisþroska.
- 14.55 **Bjarni Bjarnason** verkefnisstjóri: Stutt kynning á ART verkefninu á Suðurlandi.
- 15.10 **Guðrún Oddsdóttir** sálfræðingur: Hugaræn atferlismeðferð fyrir börn.
- 15.25 **Guðlaug Erla Gunnarsdóttir** skólastjóri: Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga.
- 15.40 16.00 Hlé.
- 16.00 **Halldóra Magnúsdóttir** aðstoðarskólastjóri: Bright Start, „skínandi leikni við upphaf skólagöngu“, námsefni og kennsluáðferðir sem móta góðan skólabrag.
- 16.15 **Margrét Sigmarsdóttir** sálfræðingur: Framkvæmd og áhrif PMT aðferðanna í Hafnarfirði.
- 16.30 Dr. **Sigrún Aðalbjarnardóttir** prófessor: Að rækta farsæl samskipti: Hlúð að félags- og tilfinningaþroska nemenda.
- 16.45 Dr. **Sveinbjörn Kristjánsson** verkefnisstjóri fræðslumála hjá Lýðheilsustöð: Heilsuefandi skóli: Áhrifarík og hagkvæm leið til árangurs.
- 17.00-19.00 Móttaka í boði samtakanna.

Laugardagur 7. nóvember

Smíðjur kl. 9.30-11.00 og kl. 11.30-13.00:

Ásdís Hrefna Haraldsdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir: Að rækta farsæl samskipti: Hlúð að félags- og tilfinningaþroska nemenda

Erla Kristjánsdóttir, Kristín Gísladóttir og Aldís Yngvadóttir: Að byggja upp siðvit og félags- og tilfinningalega hæfni á markvissan og heildstæðan hátt með námsefninu Að vaxa úr grasi og Að ná tökum á tilverunni (Lions Quest).

Halldóra Magnúsdóttir og Birna Sigurðardóttir: Bright Start, „skínandi leikni við upphaf skólagöngu“, námsefni og kennsluáðferðir sem móta góðan skólabrag. **Bjarni Bjarnason og Kristín Hreinsdóttir:** Félagsfærni, reiðistjórnun og siðferði: Kynning á þeim þremur þáttum sem unnið er með í ART (Agression Replacement Training).

Sveinbjörn Kristjánsson og Héðinn S. Björnsson: Heilsuefandi skóli: Áhrifarík og hagkvæm leið til árangurs.

Guðrún Oddsdóttir: Hugaræn atferlismeðferð fyrir börn.

Anna María Frímannsdóttir: SMT-skólaferni í leik og grunnskólum.

Guðlaug Erla Gunnarsdóttir: Uppeldi til ábyrgðar.

Guðrún Guðmundsdóttir: Vinir Zippýs: Geðrækt fyrir yngstu börn grunnskóla.

13.15-14.30 **Pallborðsumræður:** Hegðun og samskipti í skólastarfi: Markmið og leiðir. Þátttakendur: Aldís Yngvadóttir ritstjóri hjá Námsgagnastofnun, Bjarni Bjarnason verkefnisstjóri, Guðlaug Erla Gunnarsdóttir skólastjóri, Guðrún Oddsdóttir sálfræðingur, Halldóra Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri, Margrét Sigmarsdóttir sálfræðingur, dr. Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor og dr. Sveinbjörn Kristjánsson verkefnisstjóri. Umræðunum stýrir Lilja S. Ólafsdóttir.

14.45-15.30 **Aðalfundur** Samtaka áhugafólks um skólaþróun.

Allar nánari upplýsingar og skráning eru á Skólaþróun.is



Námstefna Skólastjórafélags Íslands 2009

Námstefnan verður haldin á Grand Hótel í Reykjavík og stendur yfir 16.-17. október. Það er skólamálanefnd félagsins sem stendur fyrir þessari námstefnu ásamt stjórn þess. Námstefnur að hausti eru fastur liður í starfi félagsins og eru þær hugsaðar sem hluti af símenntun félagsmanna.

Dagskrá er sem hér segir:

Föstudagur 16. október:

- 13:00 Setning. Guðlaug Erla Gunnarsdóttir formaður skólamálanefndar.
- 13:10 Stofnanamenning. Nokkrar birtingarmyndir. Börkur Hansen frá menntavísindasviði HÍ.
- 14:00 Húmor og gleði á vinnustað – með tækni leikarans ...hagnýt ráð fyrir skólastjórnendur. Edda Björgvinsdóttir nálgast viðfangsefnið á sinn hátt.
- 15:00 Kaffihlé.
- 15:30 Edda Björgvinsdóttir frh. hópavinna (til kl. 16:30).
- 19:00 Móttaka.
- 20:00 Hátíðarkvöldverður á Grand Hótel í umsjón Skólastjórafélags Reykjavíkur.

Laugardagur 17. október:

- 9:00 Innleiðing nýrra laga, reglugerðir og vinna við aðalnámskrár fyrir grunnskóla. Guðni Olgeirsson og Sigurjón Mýrdal frá menntamálaráðuneyti gera grein fyrir vinnu við aðalnámskrár o.fl.
- 10:00 Niðurstöður úr TALIS könnuninni. Ragnar F. Ólafsson fjallar um niðurstöður úr TALIS könnuninni samkvæmt nýttkominni skýrslu.
- 10:45 Kaffihlé.
- 11:00 Ársfundur Skólastjórafélags Íslands.
- 13:00 Áætluð fundarlok.

Nýr vefur FLÍSS og fjölbreytt vetrarstarf

www.fliss.is

FLÍSS er Félag um leiklist í skólastarfi og hefur á stefnuskrá sinni að stuðla að eflingu leiklistar í öllu skólastarfi og að leiklist verði tekin upp sem ein af listgreinum grunnskólans. Félagið var stofnað af kennurum fyrir nokkrum árum í kjölfarið á aukinni leiklistarkennslu í grunnskólum landsins og það er vettvangur fyrir kennara sem áhuga hafa á leiklist í skólastarfi og vettvangur til að styrkja viðleitni þeirra og sýn í því starfi.

Nýverið var vefsíða félagsins opnuð með pompi og prakt. Um leið kynnti stjórn FLÍSS félagið og vinnusmiðjur komandi vetrar sem hófst í september með smíðu Finnans Tintti Karppinen um leiki í skóla-

stofunni. Vefsíðan er hugsuð sem gullkista fyrir alla þá sem vilja nota leiklist í skólastarfi og er ætlunin að hafa fjölbreytt efni á síðunni ásamt upplýsingum um námsefni, vinnusmiðjur, kennslufræði og öllu því sem tengist leiklist og skólastarfi. Nú eru 77 félagsmenn skráðir í félagið. FLÍSS er fagfélag innan Kennarasambands Íslands og meðlimur í IDEA, International drama/theatre and education association www.idea-org.net.

Rannveig Þorkelsdóttir er formaður FLÍSS, netfang: fliss@fliss.is og nýi er vefurinn er auðvitað www.fliss.is



Nordplus styrkir samstarf leik-, grunn- og framhaldsskóla við skóla á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum

Fyrir 15. október nk. verður hægt að sækja um undirbúningsstyrki til að koma á verkefnum í Nordplus Junior og Nordplus sprog.

Nordplus Junior (Norðurlöndin og Eystrasaltslöndin):


- Ferðir nemenda og kennara (mobility)
- Styrkir til samstarfsneta (networks)
- Styrkir til samstarfsverkefna (projects)

Nordplus Nordiske Sprog og Kultur (Norðurlöndin):

- Ferðir nemenda og kennara (mobilitet) til að styrkja málskilning, málkunnáttu og menningarvitund þeirra.

www.nordplus.is

Landskrifstofa Nordplus / Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins
Háskólatorgi, 101 Reykjavík, 525 4311



LANGSTÆRSTA HLJÓDFÆRAVERSLUN LANDSINS!





Trúarbragðafræðsla

Nýir tímar - breyttar áherslur



Líðamynd frá höfund

Birgitta Thorsteinson,
formaður Fékkst.

Félag kennara í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræðum (Fékkst) fagnar tíu ára afmæli sínu um þessar mundir. Af því tilefni gengst félagið fyrir ráðstefnu laugardaginn 7. nóvember nk. Hún ber yfirskriftina *Trúarbragðafræðsla í skólum - hvert stefnum við?*

Það var á haustdögum árið 1998 sem nokkrar kjarnakonur létu langþráðan draum ræstast og stofnuðu fagfélag kennara í greininni eftir hvatningu frá þeim dr. Sigurði Pálssyni og Gunnari J. Gunnarssyni lektor. Mikil þörf var á stofnun fagfélags um þessa kennslugrein sem gæti stutt við bakið á kennurum með einum eða öðrum hætti. Ekki síst vegna þess að greinin átti undir högg að sækja.

Fremstar í flokki voru þær Guðlaug Björgvinsdóttir, fyrsti formaður félagsins, og Hrunn Hlödversdóttir kennari. Þessar konur unnu mikilvægt brautryðjendastarf. Þær voru sammála um að félagið skyldi standa vörð um kennslu greinarinnar í grunnskólum og lögðu jafnframt mikla áherslu á að safna efni í hugmyndabanka sem kennarar gætu sótt sér kennsluhugmyndir í. Ákveðið var að heiti félagsins, *Félag kennara í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræðum*, yrði í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og var formleg stofnun samþykkt á félagsfundi Fékkst 23. febrúar 1999. Heiti félagsins hefur allt frá upphafi þótt heldur óþjálta og langt en til fróðleiks má geta þess að í nýju grunnskólaöðunum (2008) er kveðið á um nýtt heiti greinarinnar, *Trúarbragðafræði*.

Starfsemi félagsins

Félagið státar af metnaðarfullri vefsíðu og félagsstarfið er öflugt. Vefsíða félagsins www.kennslaogtru.is var tekin formlega í notkun 11. maí 2007. Hún er mikið skoðuð enda er þar að finna margvíslegan fróðleik um trú og trúarbrögð, kennsluhugmyndir og verkefni. Vefurinn er hugsaður þannig að kennarar geta sent inn kennsluhugmyndir, fengið þær birtar og miðlað þannig hug-

myndum og þekkingu til annarra. Ef upp koma álitamál fara þau inn á borð til faglegra ráðgjafa félagsins og fá umfjöllun þar. Félagsmenn eru nú um 100 talsins.

Í tíu ára starfi hefur félagið staðið fyrir fjölbreyttum fræðslufundum og erindum, átt í samvinnu við Námsgagnastofnun um útgáfu námsefnis og komið að endurskoðun námskráa. Stjórn félagsins hefur einnig átt samstarf við Biskupsstofu, setið í nefndum á hennar vegum og sinnt ýmsum sérverkefnum. Á síðasta ári gerðist Fékkst aðili að The European Forum for Teachers of Religious Education eða www.eftre.com sem eru evrópsk samtök kennara í trúarbragðafræðum.

Sem dæmi um áhugaverð erindi sem flutt hafa verið á félagsfundum má nefna:

- Heimspækilugar samræður í skólastofunni
- Börn, trú og heimspæki
- Fræðslufundur um íslam, gyðingdóm og búddatrú
- Kristnitakan á Þingvöllum
- Jákvæð gildi og farsælt líf

Félagið stendur einnig fyrir árlegum jólafundum sem hafa verið afar vel sóttir af félagsmönnum. Á öllum fundum býður félagið upp á fjölbreytt úrval kennsluhugmynda. Það kostar ekkert að gerast félagsmaður Fékkst og það eru engin félagsgjöld. Við hvetjum alla þá sem vilja notfæra sér vefinn að skrá sig í félagið.

Nýir tímar – breyttar áherslur

Á þeim tíu árum sem liðin eru frá stofnun Fékkst hefur samfélagið tekið gífurlegum breytingum. Við lifum og hrærumst í fjölmennningarlegu samfélagi og nemendahópurinn breytist í takt við tímann. Það er því sjálfsgefið að koma verður til móts við alla nemendur og það kallar á breyttar áherslur í kennslu greinarinnar. Þekking á kristni, öðrum trúarbrögðum og lífsviðhorfum er mikilvægur grundvöllur þess að nemendur okkar verði læsir á eigin menningu og annarra. Nefnd á vegum OSCE (Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu) sendi frá sér svokallaða Toledo-samþykkt (2007) um hvernig haga skuli kennslu í trúarbragðafræðum í opinberum skólum. Það sem vekur athygli við þessa samþykkt er að hún er unnin af ráðgjafanefnd sérfræðinga um trúfrelsi. Þeir segja vaxandi skilning meðal skólamanna á mikilvægi trúarbragðafræðslu í allri gæða-

menntun. Rökin eru þau að fræðslan sé í þágu lýðræðisþjóðfélaga því hún styðji við trúfrelsi og auki skilning og gagnkvæma virðingu milli ólíkra trúarhópa. Þeir segja ekkert menntakerfi hafa efni á því að leiða hjá sér hlutverk trúarbragða í sögulegu og menningarlegu tilliti og vanþekking á þessu sviði stuðli að umburðarleysi og mismunum. Skoða má hluta af samþykktinni á vefsíðu Fékkst www.kennslaogtru.is undir flípanum greinar.

RÁÐSTEFNA FÉKKST

Trúarbragðafræðsla í skólum - hvert stefnum við?

Eins og yfirskrift ráðstefnunnar gefur til kynna er tilgangurinn að vekja athygli á kennslu trúarbragða og skapa frjóar umræður um stöðu greinarinnar. Við viljum varpa ljósi á menntun kennara á þessu sviði og líta til framtíðar með því að bera fram spurninguna *hvert stefnum við?*

Í upphafi mun menntamálaráðherra Katrín Jakobsdóttir ávarpa ráðstefnuna.

Aðalfyrirlesarar eru þeir dr. Robert Jackson og dr. Sigurður Pálsson.



Dr. Robert Jackson er prófessor við háskólann í Warwick. Hann hefur stundað rannsóknir og haldið fyrirlestra um trúarbragða- og fjölmenningskennslu víða um heim. Hann var aðalráðgjafi nefndar á vegum OSCE (Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu) sem setti fram Toledo-samþykktina. Hann hefur jafnframt unnið ráðgjafarstörf fyrir Evrópuráðið sem og önnur nefndarstörf. Þá er hann ritstjóri *British Journal of Religious Education* sem er mjög virt tímarit á sínu sviði. Hann hefur skrifað um ólíkar nálganir í trúarbragðakennslu, t.d. í bókinni *Rethinking Religious Education* (2004), sem vakti mikla athygli, og setti fram tillögu um nálgun sem hann kallar túlkandi nálgun (e. Interpretive approach) í bókinni *Religious Education – an Interpretive Approach* (1997). Jackson er ekki bara virtur fræðimaður heldur er hann einnig meðlimur í jazzbandinu Spicy Jazz þar sem hann bæði syngur og leikur á

básúnu. Jackson nefnir erindi sitt „*European Developments in Education about Religious Diversity: The Council of Europe, The Toledo Guiding Principles and EC Research*“.



Dr. Sigurður Pálsson er guðfræðingur frá Háskóla Íslands og doktor í menntunarfræðum frá Kennaraháskóla Íslands (2008). Hann hóf starfsferil sinn sem grunnskólakennari og hefur síðan kennt á öllum skólastigum. Hann var forstöðumaður námsefnisviðs Námsgagnastofnunar, námsstjóri í kristnum fræðum við skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins og hefur sinnt fjölmörgum nefndar- og trúnaðarstörfum svo sem stjórnarsetu í Hinu íslenska Biblíufélagi frá 1998, nefndar- og öðrum trúnaðarstörfum fyrir menntamálaráðuneytið, setu í Nordisk kirkelig studieraad og í þýðingarnefnd Gamla testamentisins frá 1990-2007. Sigurður hefur haft umsjón með endurskoðun námskrár í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræðum og endurmenntunarnámskeiðum fyrir kennara í kristnum fræðum á vegum KHÍ

og verið stundakennari þar í aldarfjórðung. Einnig hefur hann samið námsefni í kristnum fræðum fyrir grunnskóla. Þá var hann um skeið framkvæmdastjóri Hins íslenska biblíufélags og sóknarprestur í Hallgrímssókn frá 1998 til 2006. Eftir hann liggja fjölmörg rit um þetta efni s.s. *Kirkja og skóli á 20. öld. Staða og þróun kennslu í kristnum fræðum og trúarbragðafræðum á Íslandi í samburði við Danmörku, Noreg og Svíþjóð* (doktorsritgerð 2008) og *Börn og trú af sjónarhóli sálarfræði, uppeldisfræði og guðfræði* (2001). Sigurður nefnir erindi sitt: *Trúarbragðafræðsla í fjölmennningarlegu samfélagi*.

Aðrir sem koma að ráðstefnunni með innlegg og, eða sitja pallborðsumræður eru:

Dr. Jón Torfi Jónasson forseti menntavísindasviðs Háskóla Íslands.

Guðlaug Björgvinsdóttir grunnskólakennari.

Dr. Guðmundur Heiðar Frímannsson prófessor í heimspeki við Háskólann á Akureyri.

Birgitta Thorsteinson grunnskólakennari og formaður Fékkst.

Dr. Anna Kristín Sigurðardóttir deildarforseti kennaradeildar menntavísindasviðs Háskóla Íslands.

Valgarður Reynisson kennari við menntaskólann að Laugarvatni.

Dr. Arnfríður Guðmundsdóttir prófessor við guðfræðideild Háskóla Íslands.

Gunnar Jóhannes Gunnarsson lektor mun stýra ráðstefnunni og stjórna pallborðsumræðum.

Markmið félagsins eru:

- Að efla fagvitund kennara í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræðum og efla samstarf þeirra í millum.
- Að hlúa að kennurum í starfi.
- Að miðla fróðleik og kennsluhugmyndum.
- Að skapa vettvang fyrir umræður og skrif um trúarbrögð.

Ráðstefnan fer fram í húsakynnum menntavísindasviðs Háskóla Íslands (Hamri) við Stakkahlíð laugardaginn 7. nóvember 2009 og hefst kl. 11:00.

Skráning fer fram á fekkst@kennslaogtru.is eða í síma 4117640 (Norðlingaskóli).

Í ráðstefnulok verður ráðstefnugestum boðið að þiggja léttar veitingar í tilefni tíu ára afmælisins. Aðgangur að ráðstefnunni er ókeypis.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins www.kennslaogtru.is og eru allir áhugasamir um þessa kennslugrein hvattir til að fjölmenna.

Birgitta Thorsteinson
Höfundur er formaður Fékkst.

SMÍÐSHÖGGIÐ

FEKÍ fertugt

Í ár eru fjórir áratugir síðan Félag enskukennara var stofnað. Enskukennsla hafði lengi vel ekki hafist fyrr en í 2. bekk gagnfræðaskóla sem samsvarar núverandi 9. bekk grunnskóla. Með vaxandi og hraðari samskiptum heimshorna á milli þótti rétt að auka vægi ensku í námskrá og hefja kennslu hennar fyrr. Samið var nýtt námsefni sem hæfði yngri nemendum og haldin nokkur sumarnámskeið með enskum og innlendum leiðbeinendum.

Haustið 1969 að loknu einu slíku námskeiði kom hópur enskukennara sér saman um að stofna til félagsskapar til að efla enskukennslu og vera umræðuvettvangur kennara á öllum skólastigum. Þann 4. október 1969 var síðan haldinn stofnfundur í Menntaskólanum við Hamrahlíð og samþykkt drög að lögum félagsins. Fyrsti formaður þess var kjörinn *Heimir Áskelsson* en með honum í fyrstu stjórn voru þau Auður Torfadóttir, Leo Munro, Arngrímur Sigurðsson og Haukur Sigurðsson.

Fram að þessum tíma hafði tungumálakennsla í gagnfræða- og menntaskólum einkennst af málfræðiútskýringum, lestri, þýðingum og stílagæði. Þessi aðferð hæfði hugsanlega að einhverju marki þeim þrönga hópi

Þótt margir hafi haft orð á því að brenna ætti kennslubækur verður undirbúningsvinnan sem af því hlýst flestum of þungur baggi og mörgum nemendum virðist huggun í að hafa eitthvað handfast.

nemenda, orðnum fjórtán ára, sem fór í menntaskóla í gegnum landsprófssíuna og þurfti að geta lesið og ritað málið að einhverju gagni. Yngri nemendur, almennara framhaldsnám og breytt viðhorf fræðimanna á sviði málvísinda, allt bauð þetta upp á nýjar aðferðir, aðra nálgun.

Þær aðferðir hafa verið af mismunandi toga, með ólíkum áherslum, og hefur hver tísken elt aðra þessi fjörutíu ár. Kennarar hafa einnig borist með straumnum bundnir við kennslubækur, aðallega breskra útgáfufyrirtækja. Þótt margir hafi haft orð á því að brenna ætti kennslubækur verður undirbúningsvinnan sem af því hlýst flestum of þungur baggi og mörgum nemendum virðist huggun í að hafa eitthvað handfast. Ekki hefur verið ráðist í heildarútgáfu kennsluefnis í ensku hér á landi en samt ýmislegt verið framleitt bæði í bókformi og nettengt. Mætti kynning á því efni meðal kennara gjarnan vera betri.

FEKÍ hefur alla tíð og eftir fremsta megni stuðlað að skoðanaskiptum um enskukennslu og reynt með tengslum við innlenda og erlenda aðila, bókaútgefendur og kennslustofnanir að miðla kennurum fróðleik og stuðla að aukinni færni þeirra. Lesa má í eldri fundargerðum að kvartað var undan áhuga- og þátttökuleysi kennara, sérstaklega grunnskólakennara. Meðan hægt var að safna stigum fyrir þátttöku í endurmenntunarnámskeiðum voru þau sæmilega sótt en nú er öldin önnur enda hefur verið óþrymlega þrengt að grunnskólakennurum með lengri viðveru, lengra skólaári. Skólastjórar hafa heldur ekki almennt verið nógu vakandi fyrir þeirri þjónustu sem fagfélög bjóða kennurum þeirra upp á, yfirleitt án mikils kostnaðar. Þau námskeið og námstefnur sem í boði hafa verið auk almennra funda eru mörgum ómetanleg lind endurnæringar.

Því má ef til vill halda fram að stundum



Jón Ingi Hannesson

Enskukennari þarf að líta á sig fyrst og fremst sem uppálanda, því næst sem tungumálakennara og þá loks sem enskukennara.

sé með þessu brambolti lögð of mikil áhersla á fínþússningu, of lítið svigrúm sé fyrir grunnþjálfun þar sem hún á við, eins og hjá kennara sem er varpað út í djúpu laugina af skólastjóranum af því að hann er bekkjarkennari og á nú að kenna ensku í 5. bekk. Rannsókn hefur leitt í ljós að einungis brot þeirra kennara, sem þurfa að fást við tungumálakennslu í grunnskólum, hefur til þess menntun eða þjálfun. Árið 2007 átti FEKÍ í viðræðum við starfsmenn menntamálaráðuneytis og úr varð tillaga að metnaðarfullri fimm ára áætlun um hvernig mæta skyldi þeim vanda er blasti við ef byrja ætti að kenna yngri börnum ensku með tilsvarendi hliðrun námsefnis úr framhaldsskóla í grunnskóla. En þá kom hrúnið og ekkert varð úr þeim áformum að sinni.

Þessi áætlun byggðist á ábyrgð ráðuneytisins á framkvæmd námskrár þótt rekstur grunnskóla sé á könnu sveitarfélaga. Hún laut að því að fá sveitarfélög til að nýta þá sérþekkingu sem teymi á vegum FEKÍ býr yfir en með yfirverkstjórn kostaðri af ríkinu. Á næstu fimm árum mætti að nokkru rétta við þann halla sem verið hefði á menntun kennara en síðan mætti ætla að fimm ára kennaranám gerði venjulega endurmenntun nægjanlega.

Ég minntist á endurmenntunarnám-skeið sem félagið hefur staðið fyrir. Sum hafa verið menningarleg, önnur fagtengdari. Von er til þess að einhver lesandi spyrji hver munur sé þar á. Ég held því fram að innihald námsefnis eigi eftir föngum að vera menningartengt og krefjandi og fagþekking kennarans og leikni nauðsynleg til að vekja og viðhalda áhuga nemenda. Enskukennari þarf að líta á sig fyrst og fremst sem uppálanda, því næst sem tungumálakennara og þá loks sem enskukennara. Uppálanda í almennum skilningi þess orðs og eins til að uppfylla þau ákvæði aðalnámskrár er lúta að undirbúningi undir gagnlega þátttöku í lýðræðislegu þjóðfélagi. Með þeirri bylt-ingu í upplýsingatækni sem orðið hefur á undanförunum árum er enskan tilvalið tæki til að miðla efnivið sem nýta má til að þjálfa gagnrýna hugsun sem byggist á traustri úrvinnslu gagna. Tungumálakennara vegna mikilvægis þess að vera orðinn sjálfbjarga í tungumálanámi þegar skólagöngu lýkur og kunna að nálgast og nota þau hjálpargögn sem í boði eru. Enskukennara, bæði vegna sérkenna málsins en einnig til að gagnast viðkomandi nemendum í því sem þeir koma til með að fást við, hvort heldur er lang-skólanám eða annað.

FEKÍ hélt upp á fertugsafmælið með veglegri ráðstefnu dagana 25.-26. september sl. í samvinnu við STÍL og Stofnun Vigðisar Finnbogadóttur. Þar var boðið upp á hringborðsumræður um málanám, fyrirlestur og vinnustofu Leni Dam og fjölmargar samhliða málstofur. Jafnframt var hleypt af stökkunum ræðukeppni framhaldsskólanema á vegum ESU (the English Speaking Union of Iceland) og ritgerðasamkeppni sem styrkt er af kanadísku og indversku sendiráðunum. Er vonandi að kennarar taki þessu nýmæli vel.

Á aðalfundi FEKÍ 1976 var ákveðið að breyta nafni félagsins á ensku og skyldi það nú skammstafað IATEFL (The Icelandic Association of Teachers of English as a Foreign Language). Svo skemmtilega vill til að það er einmitt skammstöfunin á alþjóðasamtökum enskukennara sem við eigum aðild að. Þau samtök halda námstefnu og aðalfund ár hvert um páskaeytið. FEKÍ hefur hvatt kennara til að sækja þessa námstefnu og hefur þátttaka okkar undanfarin ár verið með ágætum. Sækja má um einstaklingsstyrki til Samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara en einnig er möguleiki á góðum styrk í gegnum Comeniusar áætlunina. **Hvet ég alla skólastjóra til að hliðra störfum svo að sem flestir enskukennarar geti mætt í Harrogate, Yorkshire þar sem næsta námstefna verður.**

Jón Ingi Hannesson
Höfundur er formaður FEKÍ.

Sveigjanleg einstaklingsmiðuð þjónusta



Ráðgjöf og þjónusta á einum og sama staðnum. Við aðstoðum með þjónustuna heim hvort sem hún er fyrir barnið, unglinginn, maka eða foreldri.

Einnig er boðið upp á námskeið og ráðgjöf fyrir einstaklinga á einhverfurófi.

www.vinun.is
Sími: 517-7168 & 820-5768

 **Vinun**
Ráðgjafar- & þjónustumiðstöð




Fjárhagsleg
heilsa

í heimabanka

„Ég vil rækta það mikilvægasta í lífinu!”

Sjálfvirkt heimilisbókhald færir þig öll útgjöld og allar tekjur. Snjöll lausn fyrir fjármál heimilisins. Í hvert sinn sem greitt er með greiðslukorti, reikningur er greiddur eða laun borguð út birtist færslan sjálfkrafa undir viðeigandi útgjalda- eða tekjulið. Þú ert með allt sem snertir fjármálin þín á einum stað. Gott skipulag á fjármálunum sparar þér bæði tíma og peninga, sem þú getur þá varið í eitthvað annað, til dæmis það sem er mikilvægast í lífi þínu.

Náðu betri árangri í fjármálunum með sjálfvirku heimilisbókhaldi Byrs. Kannaðu málið á byr.is.



Heimabanki Byrs er með sjálfvirkt heimilisbókhald

Vertu með heimabanka sem sér um fjármálin með þér

BYR
SPARISJÓÐUR

Hermitilraunir og sýndarveruleiki

Sunflower fyrir náttúruvísindi

„Námið verður spennandi með
kennsluforritum í náttúruvísindum“



27 kennsluforrit fyrir náttúruvísindi

Líffræði

- Frumur
- Blóðrásarkerfi
- Melting
- Lífhvatar
- Osmósa
- Ljóstillifun
- Plöntur
- Rándýr Bráð

Efnafræði

- Frumeindir og jónir
- Efnatengi
- Flæði
- Lausnir
- Frumefni, efnasambönd og efnablöndur
- Lotukerfi
- Hraði efnahvarfa
- Föst efni, vökvar og lofttegundir

Eðlisfræði


- Litur
- Jörð í alheimi
- Kraftar og hreyfing
- Mótorar og rafalar
- Kjarneðlisfræði
- Einfaldar straumrásir
- Hljóð
- Bylgjur

Verkfæri

- Gagnagreinar
- Gagnasmiður
- Náms- og kennsluvísir

Sjáðu þau öll á:

www.sunflowerlearning.com eða
www.a4.is (sláðu inn í leitina, Sunflower)



Sunflower fyrir náttúruvísindi

Sunflower Learning trúir því að geta hannað inntaksríkustu hermitilraunirnar og gagnvirkasta sýndarveruleikann.

Af hverju?

Vegna þess - viðurkennum bara þá staðreynd að það er erfitt að læra um náttúruvísindi. Við getum ekki einfaldlega sýnt nemendum efnið og ætlast til að þeir drekki það í sig eins og svampar. Nei, nemendur í dag þurfa áskoranir. Við þurfum að spyrja þá áhugaverkjandi spurninga sem þeir leita svara við fyrir sjálfa sig. Við þurfum stundum að leyfa þeim að koma með röng svör og hjálpa þeim að finna þau réttu.



Um þetta snúast í raun náttúruvísindi. Við bjóðum 27 kennsluforrit. Sérhvert þeirra er hermitilraun eða sýndarveruleiki. Hægt er að kaupa stök forrit með skólaleyfi frá kr. 34.995 m/vsk. Hvort sem nemendur þínir þarfnast hvatningar í tilteknu efni, eða í námsgreinunum sem slíkum, þá hjálpar Sunflower til við að gera nemandann í dag áhuga-saman um náttúruvísindi.

Það er auðvelt fyrir okkur að segja að kennsluforritin séu tær snilld og að þau veiti þér margar áhugaverðar kennslustundir. En við vitum að þú kýst að sjá þau með eigin augum.

Hringdu í söludeild okkar í síma 515 5100 eða sendu okkur tölvupóst á sala@a4.is og við veitum þér vefleyfi að Sunflower fyrir náttúruvísindin í 28 daga.

Sunflower fyrir náttúruvísindi eru námskrármiðuð, gagnvirk kennsluforrit sem hjálpa þér og nemendum þínum að glíma við erfið viðfangsefni innan líffræði, eðlis- og efnafræði.

